

Sp.

628. Skýrsla

[344. mál]

félagsmálaráðherra til Alþingis um 71. alþjóðavinnumálalöngingd í Genf 1985.

(Löngd fyrir Alþingi á 108. löngjafarþingi 1985–86.)

1. INNGANGUR.

Um þessar mundir eru 40 ár síðan Ísland gerðist aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (International Labour Organisation — ILO). Aðdragandi þess var þingsályktunartillaga sem Alþingi samþykkti 15. október 1943 þar sem ríkisstjórninni var falið að athuga um þátttöku í stofnuninni. Ári síðar, 7. desember 1944, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að sækja fyrir Íslands hönd um upptöku í Alþjóðavinnumálastofnunina. Á 27. þingi ILO sem haldið var í París 1945 var löngd fram tillaga um aðild Íslands. Tillagan var tekin til afgreiðslu 19. október og samþykkt einróma.

Á þessum tímamótum er ekki úr vegi að rifja upp í örstuttu máli ýmislegt í sambandi við stofnun og starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Þau ákvæði sem lágu til grundvallar stofnun hennar árið 1919 er að finna í friðarsamningunum sem voru undirritaðir í Versöllum 28. júní 1918. Í XIII. kafla Versalasáttmálans er kveðið á um það að komið skuli á fót sérstakri stofnun er hafi það hlutverk að reyna að ráða bót á þeim félagslegu vandamálum sem öll ríki eigi við að stríða og aðeins verði sigruð með sameiginlegu átaki þjóðanna. Sérstaklega er tekið fram að varanlegur friður verði ekki tryggður nema félagslegu réttlæti sé fyrst komið á innan þjóðfélaganna sjálfra vegna þess að vísirinn að árekstrum sem leiða til styrjalda þjóða í milli leynist í því félagslega ranglæti sem milljónir manna búi við í hinum ýmsu löndum. Um markmið ILO segir í þingsályktunartillögu Alþingis frá 1944 að það sé að efla félagslegt réttlæti í öllum löndum heims. Í því skyni viði stofnunin að sér upplýsingum um atvinnumál og ástand í félagsmálum, ákveði lágmarkskröfur og samræmi þær í hverju landi eftir aðstæðum þess og þörfum. Frá árinu 1946 hefur hún verið ein af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna.

Í samræmi við framangreind markmið hefur Alþjóðavinnumálastofnunin lagt mesta áherslu á samningu alþjóðasamþykktu um staðla á sviði vinnumarkaðsmála. Þessar staðlar hafa verið fyrirmynd löngjafar víðsvegar um heim um málefni vinnumarkaðarins. Á þann hátt hefur stofnunin bætt samskipti á vinnumarkaðinum, stuðlað að aukinni hollustu á vinnustöðum og bætt nýtingu atvinnutækja og mannafla. Hún hefur einnig lagt mikið af mörkum til rannsókna á vinnumarkaðsmálum ekki síst málefnum sem varða vinnuumhverfi.

Alþjóðavinnumálalöngingd fer með æðsta vald í málefnum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það kemur saman árlega í Genf þar sem stofnunin hefur aðsetur. Fastir dagskrárliðir þingsins eru þrír: Skýrsla forstjóra, fjármál og skýrslur um framkvæmd á fyrri samþykktum þingsins. Auk þess eru yfirleitt á dagskrá drög að samþykktum um nýja staðla og ályktunartillögur sem snerta málefni vinnumarkaðarins. Alls hefur þingið afgreitt 161 alþjóðasamþykkt og hefur Ísland staðfest 14 þeirra.

Eitt af því sem skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni sérstöðu meðal sérstofnana Sameinuðu þjóðanna er þátttaka fulltrúa samtaka atvinnurekenda og launafólks í starfsemi og stefnumótun hennar. Samkvæmt stofnskrá stofnunarinnar eiga fjórir fulltrúar frá hverju aðildarríki ILO sæti á Alþjóðavinnumálalönginginu. Tveir eru fulltrúar ríkisstjórnar hlutað-

eigandi ríkis, einn skal vera fulltrúi atvinnurekenda og einn fulltrúi launafólks. Samtök aðila vinnumarkaðarins eiga einnig fulltrúa í stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Samtök atvinnurekenda eiga 14 fulltrúa í stjórnarnefndinni, samtök launafólks jafnmarga en fulltrúar ríkisstjórna eru 28.

Það liggur í hlutarins eðli að þátttaka smárikis í starfsemi samtaka eins og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hlýtur að vera takmörkuð. Á þeim fjórum áratugum sem Ísland hefur átt aðild að stofnuninni hefur þátttakan einskorðast við það að senda fulltrúa á Alþjóðavinnumálaþingið, samningu greinargerða um framkvæmd alþjóðasamþykktar og samningu skýrslu eins og þeirrar sem hér birtist um vinnumálaþingin. Ísland hefur ekki átt fulltrúa í stjórnarnefndinni né tekið þátt í starfi þeirra nefnda ILO sem fjalla um ákveðin sérsvið vinnumarkaðsmála. Skýrslur félagsmálaráðuneytisins um ILO hafa borið þessari takmörkuðu þátttöku vitni. Þótt samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina hafi ekki aukist hefur verið ákveðið að framvegis verði þess freistað að gera nokkuð nánari grein fyrir annarri starfsemi en þeirri sem lýtur að Alþjóðavinnumálaþingin. Í því sambandi verður einkum stuðst við skýrslu forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar sem lögð er fram til umræðu á þingin. Rétt er að hafa í huga að viðfangsefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru það fjölbreytileg og umfangsmikil að þeim verða ekki gerð tæmandi skil í yfirlitsskýrslu sem þessari.

2. 71. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAPINGIÐ 1985.

2.1 SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA.

Sjötugasta og fyrsta þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) var háð í Genf dagana 7.—27. júní 1985. Þingið var haldið í Þjóðabandalagshöllinni þar sem nokkrar deildir Sameinuðu þjóðanna hafa nú aðsetur.

Dagskrá þingsins var svohljóðandi:

1. Skýrsla forstjóra.
2. Reikningar liðins starfstímabils og starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árin 1986 og 1987.
3. Upplýsingar og skýrslur um framkvæmd samþykktar og tillagna.
4. Heilsugæsla á vinnustöðum (síðari umræða).
5. Endurskoðun samþykktar nr. 63 um hagskýrslur um laun og vinnutíma frá árinu 1938 (síðari umræða).
6. Varúðarráðstafanir við vinnu við asbest (fyrri umræða).
7. Sömu tækifæri og sama meðhöndlun karla og kvenna á vinnumarkaði (almenn umræða).
8. Skipulagsmál ILO: Skýrsla þingnefndar um skipulagsmál.

Sendinefnd Íslands á þingin skipuðu eftirtaldir: Hannes Hafstein sendiherra, formaður sendinefndarinnar og Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Þeir voru fulltrúar ríkisstjórnar Íslands. Varamaður þeirra var Þorsteinn Ingólfsson sendiráðunautur. Kristján Þorbergsson lögfræðingur var fulltrúi íslenskra atvinnurekenda og Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur var fulltrúi íslensks launafólks.

Samtals sóttu þingið rúmlega 2000 manns frá 141 aðildarríki, þar af 181 ráðherra. Eins og áður er getið skal hvert aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar senda 4 fulltrúa til þingsins, en auk þeirra eiga aðildarríkin rétt á að senda til þingsins ráðgjafa um hin einstöku þingmál. Kveðið er á um fjölda þeirra í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Venjulega býður forstjóri ILO til þingsins sérstökum heiðurgestum sem hafa getið sér gott orð á alþjóðavettvangi eða í heimalöndunum. Að þessu sinni var forsætisráðherra Indlands, Rajiv Gandhi, heiðurgestur þingsins. Hann flutti ræðu á hátíðarfundum sem haldinn var 17. júní. Gerð verður stuttlega grein fyrir ræðu hans síðar í þessari skýrslu.

Forseti þingsins var kosinn félagsmálaráðherra Túnis, Mohamed Ennaceur. Váraforsetar voru kjörnir Vladimir Grekof, ríkisstjórnarfulltrúi frá Hvíta-Rússlandi, Charles H. Smith yngri, fulltrúi atvinnurekenda í Bandaríkjunum og Shirley Carr, fulltrúi launafólks í Kanada.

Á þinginu störfuðu margar þingnefndir og voru þessar helstar: Kjörbréfanefnd, nefnd sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkt, fjárhagsnefnd, nefnd sem fjallar um tillögur til þingsályktana, nefnd um skipulagsmál, nefnd um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku og nefnd um jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Fulltrúar Íslands tóku þátt í fjárhagsnefnd, nefnd um tillögur til þingsályktana, nefnd um skipulagsmál og nefnd um jafnrétti kynjanna.

2.2 SKÝRSLA FORSTJÓRA.

Skýrsla forstjóra Alþjóðavinnuumálaskrifstofunnar er til umræðu á allsherjarþingi Alþjóðavinnuumálaþingsins mestan hluta þingtímans. Samhliða umræðum um hana er fjallað um önnur afmörkuð málefni í þingnefndum. Skýrslan er send væntanlegum þingfulltrúum með góðum fyrirvara fyrir þingsetningu. Hún skiptist í tvo meginhluta.

Í fyrri hlutanum fjallar forstjórinn um eitthvert ákveðið efni sem er ofarlega á baugi og snertir málefni vinnumarkaðarins. Að þessu sinni gerði hann að umtalsefni þær skipulagsbreytingar sem verða á vinnumarkaði samfara nýrri tækni.

Í síðari hlutanum gerir forstjórinn grein fyrir helstu þáttum í starfsemi ILO á liðnu starfsári.

Hér á eftir verður gerð stuttlega grein fyrir veigamestu atriðunum í skýrslu forstjórans þeirri umfjöllun sem hún fékk í ræðum þingfulltrúa. Loks verður gerð grein fyrir ræðu forstjóra ILO, Francis Blanchard, þar sem hann svarar fyrirspurnum, gerir að umtalsefni athugasemdir og gagnrýni sem fram komu í ræðum þingfulltrúa.

Skipulagsbreytingar á vinnumarkaðinum samfara nýrri tækni.

Fyrri hluti skýrslu forstjórans fjallaði um samskipti á vinnumarkaði í ljósi þeirra skipulagsbreytinga sem eiga sér stað í kjölfar þeirrar nýju tækni sem er að ryðja sér til rúms. Í skýrslunni leggur forstjórinn áherslu á að viðtækt samstarf og samráð aðila vinnumarkaðarins sé forsenda þess að hægt sé að hafa áhrif á þær breytingar sem ný tækni hefur í för með sér. Þetta feli í sér að leggja verði aukna áherslu á þríhliða samstarf á milli ríkisvalds, atvinnurekenda og launafólks.

Í skýrslunni gerir forstjórinn að umtalsefni nokkra þætti í þeim skipulagsbreytingum sem eiga sér stað á vinnumarkaðinum og hann telur sérstaka ástæðu til að huga að. Í því sambandi er bent á þróun efnahagsmála. Dregið hefur úr hagvexti í mörgum iðnríkjum og skuldabyrði þróunarríkja hefur stórlega aukist. Aukin verðbólga hefur kallað á aðhaldsamari stefnu í efnahagsmálum. Þetta hefur leitt til þess að hægt hefur á félagslegum umbótum í mörgum löndum. Á sama tíma á sér stað tæknibylting sem getur, ef rétt er á málum haldið, bætt lífshæð og vinnuumhverfi. En í henni felast einnig breytingar á atvinnuháttum sem þýða að mörg störf leggjast niður en jafnframt munu ný skapast.

Forstjórinn bendir í skýrslu sinni á þær félagslegu breytingar sem hafa orðið og eru að verða. Til dæmis hefur samsetning vinnuafslins breyst. Þannig hefur hlutfall kvenna á vinnumarkaðinum hækkað til muna á allra síðustu árum.

Hann tekur fram að það sé ekki tilgangur skýrslunnar að koma með tillögur um aðgerðir í efnahags- og atvinnuumálum. Tilgangurinn sé fyrst og fremst sá að gera að umtalsefni með hvaða hætti skuli staðið að aðlögun og endurskipulagningu þannig að tryggt sé að allir hagsmunaaðilar fái tækifæri til að hafa eðlileg áhrif á ákvarðanir og með þeim hætti sé tillit tekið til mannglegra þarfa ekki síður en efnahagslegra markmiða. Í þessu sambandi verði stöðugir hagsmunaaðrekstrar. Annars vegar á milli þeirrar stefnu að ná betri árangri í efnahagsmálum með aukinni framleiðni, hagstæðari vöruskiptajöfnuði og minni

verðbólgu, hins vegar þeirra félagslegu sjónarmiða sem byggjast á auknu jafnrétti og betri lífsafkomu.

Forstjórinn bendir í skýrslunni á að markmið núverandi samskipta aðila vinnumarkaðarins er að ákvarða kaup og kjör og aðlaga þau að breyttum aðstæðum á vinnumarkaðinum og túlka sjónarmið umbjóðenda sinna. Þessi samskipti eru því lykilatriði í því að leita leiða til að leysa hagsmunaárekstra. Samskipti aðila vinnumarkaðarins geta átt sér stað án afskipta annarra aðila. En í skýrslu forstjórans er lögð áhersla á þau samskipti atvinnurekenda og fulltrúa launafólks sem fram fara innan þess formlega ramma sem þeim hefur verið settur af hinu opinbera. Í þessu sambandi er um að ræða afskipti ríkisvaldsins til dæmis með löggjöf um þríhliða samstarf við lausn ýmiss konar ágreiningsefna sem upp koma.

Helstu þættir í starfsemi Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar.

Í seinni hluta skýrslu sinnar gerir forstjóri Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar grein fyrir helstu þáttunum í starfi stofnunarinnar.

a) **Framkvæmd alþjóðasamþykktta.** Gerð er ítarleg grein fyrir staðfestingum aðildarríkjanna á þeim alþjóðasamþykktum sem Alþjóðavinnuástandstofnunin hefur afgreitt. Fram kemur að sérfræðinganefndin sem fylgist með framkvæmd aðildarríkjanna á staðfestum og óstaðfestum alþjóðasamþykktum fór yfir á starfsárinu um 2 500 skýrslur og gerði 1 500 athugasemdir. Á árinu 1984 lagði nefndin sérstaka áherslu á framkvæmd alþjóðasamþykktar um stefnu í atvinnumálum nr. 122 frá 1964. Þrátt fyrir efnahagsörðugleika í heiminum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að frá því samþykktin tók gildi hefur aðildarríkjunum heldur miðað í átt að þeim markmiðum sem þar eru sett. Vegur þyngst fjölgun kvenna á vinnumarkaðinum síðustu áratuginum. Í yfirlitsskýrslu nefndarinnar fyrir árið 1984 er fjallað um löggjöf og venjur í aðildarríkjum ILO sem snerta eftirtaldar samþykktir og tillögur: Tillögu nr. 116 um styttingu vinnutíma, 1962, Samþykkt nr. 14 um vikulegan hvíldartíma iðnverkfólks, 1922, Samþykkt nr. 106 um vikulegan hvíldartíma í verslunum og skrifstofum frá 1957 og tillögu nr. 103 um sama efni og Samþykkt nr. 132 um árlegt orlof með launum.

b) **Stjórn nefndar um félagafrelsi** hélt þrjú fundi á árinu 1984. Hún lét frá sér fimm skýrslur til stjórnarnefndar Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar þar sem fjallað var um samtals 133 mál. Málum sem varða brot á félagafrelsi verkalýðsfélaga fjölgaði um þriðjung frá síðasta starfsári, þ. e. árinu 1983. Nefndin tók til sérstakrar umfjöllunar skýrslu forstjóra um ferð hans til Tyrklands til að rannsaka ástandið þar í landi.

c) **Nefnd til að rannsaka kærur á ríkisstjórn Póllands.** Sérstök rannsóknarnefnd, sem sett var á laggirnar með tilvísun til 26. greinar í stofnskrá ILO, skilaði skýrslu á starfsárinu. Hlutverk nefndarinnar var að rannsaka kærur á hendur ríkisstjórn Póllands fyrir meint brot á Samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess og Samþykkt nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um rétt til að stofna félög og semja sameiginlega. Skýrsla nefndarinnar var send ríkisstjórn Póllands í júní 1984 og kynnt stjórnarnefnd ILO á 228. fundi hennar í nóvember sama ár. Þann 17. nóvember barst forstjóranum bréf þar sem ríkisstjórn Póllands skýrði frá úrsögn úr Alþjóðavinnuástandstofnuninni.

d) **Úttekt á stöðu verkalýðsfélaga í Evrópu.** Á þriðju og fjórðu ráðstefnu Evrópuríkja innan ILO var samþykkt tillaga um að gerð yrði úttekt á stöðu verkalýðsfélaga og samskiptum aðila vinnumarkaðarins í löndum Evrópu. Á starfsárinu heimilaði stjórnarnefndin útgáfu skýrslu um ástand framangreindra mála í Júgóslavíu, Noregi, Spáni og Ungverjalandi.

e) **Upplýsingamiðlun um löggjöf á sviði vinnumarkaðsmála.** Upplýsingadeild um löggjöf á sviði vinnumarkaðsmála var endurskipulögð á árinu 1984. Í framhaldi af endurskipulagningunni kom tímaritið „Legislative Series“, sem fjallar um lagasetningu aðildarríkjanna á sviði vinnamála, út í nýjum búningi. Alls komu út á árinu 1984 þrjú tölublöð af tímaritinu.

f) **Mannréttinda- og jafnréttismál.** Fram kemur að út hafi komið skýrsla forstjóra um framkvæmd yfirlýsingar Alþjóðavinnuálagingsins um kynþáttaaðskilnaðarstefnu Suður-Afríku. Skýrslan var sú 20. í röðinni frá því yfirlýsing vinnuálagingsins var afgreidd árið 1964. Í skýrslunni er gerð grein fyrir aðgerðum aðildarríkja ILO á liðnu ári til að vinna gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni.

Í framhaldi af samþykkt tillögu þingnefndar um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna á 69. Alþjóðavinnuálagingu efndi ILO til sérstakrar þríhliða ráðstefnu í Lusaka í Zambíu í maí 1984. Ráðstefnan samþykkti nokkrar tillögur um tækni- og fjárhagsaðstoð við fórnarlömb aðskilnaðarstefnunnar á svæðum í syðri hluta Afríku. Einnig voru samþykktar tillögur um hert eftirlit með framkvæmd yfirlýsingarinnar frá 1964.

Á fundi stjórnarnefndarinnar í nóvember 1984 var fjallað um frekari tækni- og fjárhagsaðstoð við svæði í syðri hluta Afríku.

Liður í framkvæmd alþjóðasamþykktar og yfirlýsinga um jafnan rétt og jafna stöðu á vinnumarkaðinum var þríhliða ráðstefna sem haldin var á eyjunni St. Vincent í Karíbahafinu.

Einnig voru rannsakadar yfir 100 skýrslur frá löndum sem hafa staðfest samþykktir um jafnrétti og jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Af hálfu Alþjóðavinnuálagingsstofunnar var haldið áfram að stuðla að rannsóknum, veitt ráðgjöf, teknar saman skýrslur og birtar upplýsingar og greinar um þessi málefni og önnur sem snerta vinnumarkaðinn. Tímaritin **International Labour Review** og **Social and Labour Bulletin** voru einkum notuð til að koma upplýsingunum og greinunum á framfæri.

g) **Samskipti aðila vinnumarkaðarins.** Á árinu 1984 var hafin rannsókn á breytingum sem hafa átt sér stað á kjarasamningum í þeim iðnríkjum sem stunda markaðsbúskap. Tilgangur rannsóknarinnar er að endurskoða úttekt sem gerð var 1974 og birt undir heitinu „Collective Bargaining in Industrialised Market Economies“. Í þessari rannsókn er einkum lögð áhersla á þau áhrif sem kreppa, atvinnuleysi og verðbólga hafa á almenna kjarasamninga. Á árinu 1984 birtust þrjár ítarlegar úttektir á kjaradeilum opinberra starfsmanna til viðbótar við þær sjö sem lokið var við á árinu 1983.

h) **Hollustuhættir á vinnustöðum.** Á dagskrá 70. Alþjóðavinnuálagingsins sem haldið var árið 1984 voru almennar umræður um reynsluna af alþjóðlegri áætlun um bætt vinnuskilyrði og vinnuumhverfi (International Programme for the Improvement of Working Conditions and Environment — ILO). Þingið samþykkti ályktunartillögu þess efnis að áætlunin nyti fyllsta stuðnings ríkisstjórna, samtaka atvinnurekenda og launafólks. Í ályktunartillögunni er sett fram starfsáætlun sem bæði tekur til aðstæðna á landsvísu og alþjóðlegra aðstæðna. Í anda áætlunarinnar var efnt til margvíslegra aðgerða. Upplýsingum var safnað og þeim dreift, námsefni um hollustuhætti á vinnustöðum og vinnuumhverfi var samið og það aðlagð aðstæðum í ólíkum löndum. Einnig var veitt tæknileg aðstoð og stuðlað að tæknisamvinnu á þessu sviði.

Á árinu 1984 var lögð mikil áhersla á samningu staðla um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum að hluta til í tengslum við undirbúning alþjóðasamþykktar og tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum. Lokið var samningu tveggja skýrslna um varúðarráðstafanir við vinnu við asbest en það málefni var á dagskrá Alþjóðavinnuálagingsins 1985. Gefin voru út þrjú bindi í ritröðinni **Occupational Safety and Health**: Nr. 51: „Stress in Industry: Causes, Effects and Prevention“, Nr. 52: „Success with Occupational Safety Programmes“ og Nr. 53: „Occupational Hazards from Non-Ionising Electromagnetic Radiation.“

Auk þessa gerði forstjórinn í skýrslu sinni grein fyrir „World Employment Programme“, málefnum sem snerta tækni og atvinnu, starfsþjálfun, verkstjórn, starfsmenntun, starfsendurhæfingu og fjölmörgum öðrum þáttum sem Alþjóðavinnuálagingsstofnunin vinnur að á sviði vinnumarkaðsmála.

Umræður um skýrslu forstjóra.

Í umræðum um skýrslu forstjóra fjölluðu margir ræðumenn um samninga sem samtök launafólks og atvinnurekendur höfðu gert vegna hagnýtingar nýrrar tækni. Töldu þeir þetta mjög jákvætt og til þess fallið að leysa þann vanda sem ný tækni gæti valdið á vinnustöðum. Fulltrúar bæði iðnríkja og þróunarlanda gerðu að umtalsefni þríhliða samninga milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um framboð vinnu, laun, félagslegt öryggi og skatta sem hefðu það að markmiði að stuðla að auknum hagvexti án aukinnar verðbólgu. Fulltrúar frá löndum Austur-Evrópu sem tóku þátt í umræðum um skýrslu forstjóra voru mjög gagnrýnir í ræðum sínum. Raunar hafði gagnrýni Austur-Evrópulandanna komið fram fyrr í bréfi dags. 9. maí 1985 sem þau sendu sameiginlega til forstjórans. Kjarni þessarar gagnrýni kom fram í ræðu sem ríkisstjórnarfulltrúi Tékkóslóvakíu, frú Molková, hélt á fjórða fundi allsherjarþingsins. Í ræðu sinni lýsti hún þeirri skoðun sósíalísku ríkjanna að þau teldu árangur af starfi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar neikvæðan. Starfshættir ILO frá stofnun 1919 væru nær þeir sömu. Takmarkað tillit hefði verið tekið til aðildar þróunarlanda og sósíalískra landa. Á þennan hátt hefði ILO eingöngu stutt eina þjóðfélagsgerð, það er þá sem byggði á kapítalísma, og reyndi að þröngva henni upp á önnur lönd. Fulltrúi Tékkóslóvakíu taldi þrennt einkenna starfsemi ILO. Í fyrsta lagi væru grundvallarhagsmunir launafólks sniðgengnir, einkum réttur þess til lífvænlegrar afkomu og rétturinn til starfs. Í öðru lagi væri um að ræða tilraunir til „að nota stofnunina í þágu pólitískra markmiða sem sérstaklega beindust gegn löndum sósíalísmans og öðrum framsæknum öflum í heiminum.“ Í þriðja lagi væri sósíalísku löndunum mismunað, sem leiddi til þess að full þátttaka þeirra í starfi ILO væri ekki möguleg. Ekki tóku önnur lönd undir þessa gagnrýni. Þingfulltrúar frá ríkjum Vestur-Evrópu voru sammála um að með gagnrýni sinni væru Sovétríkin og fylgiríki þeirra að skapa sér mótvægi við þá gagnrýni sem vestræn ríki hafa beint gegn Menningarmála- stofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO.

Alls tóku 262 ræðumenn þátt í umræðum um skýrslu forstjórans, þar af 108 vinnumálaráðherrar.

Forstjóri Alþjóðavinnuálastofnunar, Francis Blanchard, hélt svarræðu sína síðasta þingdaginn, 27. júní. Í inngangi hennar minnti hann á að þann 26. júní 1945, nákvæmlega fyrir 40 árum, hefði stofnskrá Sameinuðu þjóðanna verið undirrituð í San Francisco. Hann fjallaði um hlutverk Sameinuðu þjóðanna í alþjóðamálum og þann þátt sem Alþjóðavinnuálastofnunin rækir á sviði alþjóðamála, þ. e. alþjóðlegt vinnumálasamstarf. Forstjórinn gerði að umtalsefni nokkur atriði sem fram höfðu komið í umræðum og lauk ræðu sinni með því að gera grein fyrir því helsta sem gerst hafði á þinginu.

2.3. STARF ÞINGNEFNDA OG SAMVINNA VIÐ FULLTRÚA ANNARRA RÍKJA.

Eins og áður er getið störfuðu nefndir á þinginu að afmörkuðum málefnum. Sökum fámennis gátu fulltrúar Íslands ekki tekið þátt í störfum þeirra allra. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim nefndum sem fulltrúar Íslands tóku þátt í og niðurstöðum mála þar.

a) **Fjárhagsnefnd (Finance Committee of Government Representatives)** þingsins fjallar um tillögu forstjóra og stjórnarnefndar um tekjur og gjöld Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Stofnunin fær rekstrarfjármagn fyrst og fremst með fjárframlögum aðildarríkjanna. Framlag hvers aðildarríkis er ákveðið með tilliti til nokkurra þátta, m. a. fólksfjölda og þjóðartekna á hvern einstakling. Útgjöldin eru rekstrargjöld vegna Alþjóðavinnuálastofnunar í Genf og kostnaður vegna ýmiss konar verkefna, fyrst og fremst í þróunarlöndunum.

Fjárhagsáætlun er jafnan gerð fyrir tvö ár í senn. Síðasta áætlun var fyrir árin 1984–85. Að þessu sinni lá fyrir nefndinni áætlun fyrir árin 1986–1987. Þingið samþykkti tillögu nefndarinnar að fjárhagsáætlun fyrir þetta tímabil að upphæð 253 milljónir bandaríkjadala.

Framlag Íslands til Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar þessi tvö ár verður samkvæmt þessu samtals 75 900 bandaríkjadalir, en Ísland greiðir 0,03% af heildarútgjöldum stofnunarinnar.

Fjárhagsnefndin er skipuð einum ríkisstjórnarfulltrúa frá hverju aðildarríki og er hún eina nefnd þingsins sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins eiga ekki sæti í. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Hannes Hafstein sendiherra.

b) Á þinginu starfaði þingnefnd sem fjallaði um **skipulagsmál (Committee on Structures)**. Viðfangsefni nefndarinnar voru breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar. Kröfur um breytingar á valdahlutföllum og áhrifum innan stofnana Sameinuðu þjóðanna voru fyrst settar fram af þróunarlöndunum árið 1960. Þau urðu það ár fjölmennasti ríkjahópurinn innan Sameinuðu þjóðanna. Frá árinu 1961 hefur verið unnið að samningu breytingartillagna á stofnskrá ILO og öðrum endurbótum á skipulagi stofnunarinnar. Eftir árlegar umræður s. l. 24 ár á vinnuálagningum, í stjórnarnefndinni og í þingnefndum hillir undir lausn þessa máls en allsherjarþingið samþykkti að taka skipulagsmálin til sérstakrar umfjöllunar á Alþjóðavinnuálagningu 1986 með það að markmiði að leysa þetta gamla deilumál. Grunnurinn að þessari samþykkt var lagður á Alþjóðavinnuálagningu 1983 en þá náðist samkomulag um þau fjögur atriði sem höfðu valdið mestum ágreiningi.

Í fyrsta lagi náðist málamiðlunarsamkomulag um að ráðningu stjórnarnefndar á forstjóra Alþjóðavinnuálagastofnunar skuli leggja fyrir vinnuálagning til staðfestingar. Fram til þessa hefur stjórnarnefndin verið einráð í því efni.

Reglur um atkvæðagreiðslur hafa valdið miklum ágreiningi og verið gagnrýndar meðal annars af Norðurlöndunum. Sú regla gildir nú að til þess að tillaga nái fram að ganga verður rúmlega helmingur viðstaddra fulltrúa að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Í þessu felst að oft og tíðum er auðveldara að fella tillögu með því að sitja hjá í atkvæðagreiðslu en greiða atkvæði gegn henni. Þess má geta að sú staða hefur komið upp að greitt mótaskvæði hefur stuðlað að framgangi tillögu. Samkomulag er um að breyta reglunum þannig að hjáseta telst greitt atkvæði en jafnframt er lagt til að sett verði sem skilyrði fyrir því að tillaga nái fram að ganga að ákveðinn lágmarksfjöldi fulltrúa taki afstöðu til hennar, t. d. 20%.

Í núgildandi stofnskrá ILO er þess krafist að meiri hluti aðildarríkjana samþykki breytingar á stofnskránni. Og til þess að hún öðlist gildi er nauðsynlegt að $\frac{2}{3}$ aðildarríkjana staðfesti breytinguna, þar af 5 af þeim 10 aðalríkjum sem eiga fastasæti í stjórnarnefnd. Ef fyrirhugaðar breytingar ná fram að ganga verða fastasætin í stjórnarnefndinni afnumin og þar með ákvæðið um samþykki ríkjana 5. Samhliða þessu verða kröfur um stuðning við breytingar á stofnskrá hertar. Lagt er til að krafist verði að $\frac{3}{4}$ aðildarríkja í stað $\frac{2}{3}$ áður þurfi að samþykkja og staðfesta breytingu á stofnskránni þannig að hún öðlist gildi.

Eitt af vandasamari ágreiningsefnum hefur verið kjör stjórnarnefndar. Í inngangi þessarar skýrslu kemur fram að í stjórnarnefnd eiga sæti samtals 56 fulltrúar. Einnig sitja fundi stjórnarnefndar varamenn annarra ríkja en þeirra sem eiga fastafulltrúa en þeir eru samtals 46. Á síðustu árum hefur þróunin orðið sú að sífellt er gerður minni munur á aðal- og varafulltrúum í stjórnarnefndinni. Samkvæmt breytingartillögunum er gert ráð fyrir að afnema þennan mun og að fulltrúum fjölgi úr 102 í 112, þ. e. a. s. að 56 verði **kjörnir** úr hópi fulltrúa ríkisstjórna, 28 úr hópi atvinnurekenda og 28 verði fulltrúar samtaka launafólks. Tekið er fram í tillögunum að stjórnarnefndin skuli endurspegla eins vel og hægt er landfræðilega legu og ólíka efnahags- og félagslega hagsmuni þeirra þriggja hagsmunahópa sem á þinginu starfa án þess að skerða sjálfstæði þeirra. Þessi breyting felur í sér m. a. að atvinnurekendur frá löndum sem búa við sósíalískt hagkerfi eiga í fyrsta skipti raunhæfan möguleika að ná kosningu í stjórnarnefndina. Í öðru lagi er kveðið á um það að sæti ríkisstjórnarfulltrúa í stjórnarnefndinni skuli skiptast á milli 4 heimshluta að teknu tilliti til fjölda ríkja, fólksfjölda, efnahags (þjóðarframleiðslu eða árgjalds til ILO) en þó þannig að enginn heimshluti hljóti fleiri sæti en 15 og enginn færri en 12. Ríkisstjórnarfulltrúar frá heimshlutunum 4 skiptast í kjördeildir og kys hver kjördeild fulltrúa til setu í stjórnarnefnd-

inni. Evrópa skiptist í tvær kjördeildir, þ. e. ein fyrir ríki Vestur-Evrópu og ein fyrir ríki Austur-Evrópu. Hver kjördeild skal gera samkomulag um bókun þar sem kveðið er á um skiptingu sætanna á milli þeirra landa sem deildin tekur til.

Eins og áður er getið náðist samkomulag á Alþjóðavinnuálagningu 1983 um ofangreint en eftir stóð að leysa eftirtalin þrjú atriði:

- 1) Reglur um val fulltrúa atvinnurekenda í stjórnarnefnd.
- 2) Skipting þeirra sæta í stjórnarnefnd sem falla í hlut ríkja Ameríku.
- 3) Aðild Ísraels að kjördeild.

Eftir marga fundi skipulagsnefndarinnar og töluvert málþóf var niðurstaða Alþjóðavinnuálagingsins 1985 að fela forstjóra ILO, formanni skipulagsnefndarinnar, fulltrúum ríkjahópanna þriggja¹⁾ og fulltrúum atvinnurekenda og launafólks að leysa ofangreind þrjú atriði. Á þinginu var gert ráð fyrir að þessir aðilar hittist á samningafundum í nóvember 1985 og febrúar eða mars 1986. Skýrsla um fundina verður lögð fyrir vinnuálagningið 1986. Á því þingi verða skipulagsmálin tekin til sérstakrar umræðu á allsherjarþinginu og leitast við að leiða þetta 25 ára gamla deilumál til lykta.

Gylfi Kristinnsson deildarstjóri var fulltrúi Íslands í skipulagsnefndinni.

c) Um **ályktunarnefnd (Resolutions Committee)** er fjallað í 17. gr. þingskapa ILO. Þar m. a. kveðið á um það að ekki megi hreyfa neinu máli sem ekki er á dagskrá þingsins nema þingfulltrúi hafi afhent forstjóra Alþjóðavinnuálagingsnefndarinnar þingsályktunartillögu um það 15 dögum fyrir setningu Alþjóðavinnuálagingsins. Að uppfylltum ákveðnum form-skilyrðum skal ályktunarnefnd taka þær tillögur til umræðu sem borist hafa innan áskilins frests. Samkvæmt verklagsreglum sem gilda um starf nefndarinnar er tillögunum raðað í forgangsröð. Að hluta til er þetta gert með sérstöku forvali sem fer fram við upphaf nefndarstarfsins. Á þann hátt eru valdar 5 tillögur sem fyrst skulu teknar til afgreiðslu. Þeim tillögum sem þá eru eftir er raðað á dagskrá nefndarinnar af sérstakri undirnefnd sem ályktunarnefndin kys í þessu skyni.

Nokkrir flokkadrættir voru meðal þingfulltrúa í nefndinni. Á fyrsta fundi hennar kom upp ágreiningur um kosningu formanns nefndarinnar. Fulltrúar ríkjanna 77 gerðu tillögu um ríkisstjórnarfulltrúa Senegal, hr. Sene, en lönd Vestur-Evrópu lögðu mikla áherslu á að fá kosinn ríkisstjórnarfulltrúa Belgíu, hr. Califice, vegna þess að þau höfðu ekki fengið kosinn neinn fulltrúa úr sínum hópi til virðingarstöðu á þinginu. Eftir fjölmarga óformlega viðræðufundi ákváðu fulltrúar Vestur-Evrópu að draga framboð hr. Califice til baka. Fulltrúi Senegal var þannig einróma kosinn formaður nefndarinnar og var þá hægt að velja tillögur í forgangsröð. Í leynilegri kosningu hlutu eftirtaldar 5 tillögur flest atkvæði:

1. Ályktun um brýnustu vandamál Afríku, sérstaklega matvæðaskortinn.
2. Ályktun um ábendingar um aðgerðir til að sporna gegn hættu og slysum vegna notkunar hættulegra efna í iðnaði.
3. Ályktun um aukið framboð vinnu.
4. Ályktun varðandi vinnuskilyrði, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum í dreifbýli.
5. Ályktun um starfsnefnd til að fjalla um alþjóðastaðla á sviði vinnumarkaðsmála.

Nefndinni tókst einungis að afgreiða tvær fyrstu ályktunartillögurnar til allsherjarþingsins en tugir breytingatillagna bárust við tillögurnar og var afgreiðsla nefndarinnar á þeim mjög tímafrek. Allsherjarþingið samþykkti báðar tillögurnar og verður gerð nánari grein fyrir þeim hér á eftir. Aðalfulltrúi Íslands í nefndinni var Hannes Hafstein. Gylfi Kristinnsson og Þorsteinn Ingólfsson voru varafulltrúar.

d) **Nefnd um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla á vinnumarkaði (Committee on Equality in Employment)** tók til starfa á þinginu þann 8. júní. Hlutverk hennar var að fjalla um VII. dagskrárlið þingsins. Með hliðsjón af lokum kvennaáratugarins og ráðstefnu

1) Nánari grein er gerð fyrir þessum þremur ríkjahópum hér á eftir í f-lið.

Sameinuðu þjóðanna í Nairobi hafði aðstoðarforstjóra ILO verið falin umsjón með þessum dagskrárlið þingsins. Í nefndinni áttu sæti 180 fulltrúar. Formaður nefndarinnar var kosinn ríkisstjórnarfulltrúi Lesotho, ungrú M. Pitso. Fyrir nefndinni lágu drög að ályktunartillögu og höfðu borist 218 breytingartillögur við hana. Sérstök undirnefnd var kosin til að fara yfir breytingartillögurnar með það fyrir augum að sameina tillögur sama efnis og reyna á þann hátt að flýta starfi nefndarinnar. Ekki tókst þó betur til um nefndarstarfið en svo að um tíma voru áhöld um að nefndinni tækist að afgreiða frá sér ályktunartillögu til allsherjarþingsins. Það tókst að lokum og er gerð efnisleg grein fyrir tillögunni hér á eftir. Lára V. Júlíusdóttir sat sem aðalfulltrúi í nefndinni en Kristján Þorbergsson sem varafultrúi.

e) Fulltrúar Íslands komust ekki yfir að taka þátt í störfum fleiri nefnda á þinginu þótt það hefði verið æskilegt. Til dæmis er æskilegt að fylgjast með störfum **nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkt á sviði vinnumarkaðsmála (Committee on the Application of Standards)** sem rannsakar hvernig aðildarríkin rækja þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar í alþjóðasamþykktum sem þau hafa staðfest. Til skýringar er rétt að geta þess að samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuástandafundunarinnar skulu aðildarríki gefa stofnuninni skýrslu, að jafnaði annað hvert ár, um framkvæmd alþjóðasamþykkt sem þau hafa staðfest. Sérstök nefnd sérfræðinga rannsakar þessar skýrslur og er niðurstaða hennar grundvöllur starfs þingnefndarinnar. Þingnefndin velur nokkur kærúmal sem hún tekur til nánari umfjöllunar. Að ýmsu leyti líkjast vinnubrögð nefndarinnar starfsháttum dómstóls. Málsaðilum er gefinn kostur á að gera grein fyrir máli sínu og að því loknu samþykkir nefndin ályktunarorð um kærumálið. Alls tók nefndin fyrir mál sem snertu 50 aðildarríki.

Í áðurnefndum niðurstöðum sérfræðinganefndarinnar um skýrslur aðildarríkja ILO um framkvæmd alþjóðasamþykkt á sviði vinnumála hefur nefndin gert athugasemdir við framkvæmd Íslands á Samþykkt nr. 29 um nauðungarvinnu. Hún hefur talið að 180. gr. alm. hegningarlaga samrýmist ekki ákvæðum samþykktarinnar. Einnig hefur verið gerð athugasemd við ákvæði 80. gr. sjómannalaganna nr. 67/1963 og talið að það samrýmdist ekki Samþykkt nr. 105 um afnám nauðungarvinnu. Ákvæðið er svo til óbreytt í nágildandi sjómannaölgum. Þá hefur nefndin óskað eftir ítarlegum skýrslum um framkvæmd ákvæða í Samþykktum nr. 100 og 111 sem varða stöðu kynjanna á vinnumarkaðinum. Þess má geta að félagsmálaráðuneytið hefur komið athugasemdum ILO á framfæri við hlutadeigandi ráðuneyti. Í sumum tilvikum hefur það leitt til aðgerða en öðrum ekki. Til dæmis hefur 180. gr. alm. hgl. verið afnumin með 10. laga nr. 42/1985.

Einnig starfaði á þinginu sérstök nefnd sem fjallaði um aðskilnaðarstefnu ríkisstjórnar Suður-Afríku, kjörbrefanefnd, allsherjarnefnd, nefnd sem fjallaði um varúðarráðstafanir við vinnu við asbest o. fl. nefndir.

f) Á þinginu á sér stað víðtækt **samráð og samvinna milli fulltrúa einstakra ríkja** sem fer fram í sérstökum hópum. Landfræðileg lega og þjóðfélagsgerð ræður mestu um það hvernig lönd skiptast í hópa. Þrjár slíkir eru mest áberandi á þinginu. Í einum hópi eru fulltrúar Vestur-Evrópu, Bandaríkjanna, Japans og Kanada. Þessi hópur er kenndur við skammstöfunina IMEC (Industrialized Market Economy Countries). Í öðrum hópi eru fulltrúar landanna 77. Fulltrúar sósíalísku landanna skipa þriðja hópinn. IMEC-hópurinn hittist daglega á fundum allan þingtímann. Á þessum fundum var farið yfir stöðu mála í einstökum þingnefndum og skipst á skoðunum um þau. Gylfi Kristinsson tók þátt í fundum IMEC-hópsins fyrir hönd Íslands.

Fulltrúar ríkisstjórna Norðurlandanna hittust tvívegis á sérstökum fundum. Hannes Hafstein, Gylfi Kristinsson og Þorsteinn Ingólfsson tóku þátt í fundunum.

Þess skal getið að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins taka þátt í fundum hliðstæðra hópa.

2.4. HAGSKÝRSLUR UM ATVINNUMÁL.

Á þinginu voru til annarrar umræðu drög að samþykkt og tillögu um hagskýrslur um atvinnumál. Hér var um að ræða endurskoðun á samþykkt nr. 63 frá árinu 1938 um

hagskýrslur um laun og vinnutíma í veigamestu greinum námavinnslu og verksmiðjuíðnaðar, þar á meðal byggingavinnu og í landbúnaði. Bæði samþykktin og tillagan hlutu lokaafgreiðslu á þinginu.

Þess má geta að samþykktin frá 1938 þótti ekki vera lengur í takt við tímann og því nauðsynlegt að gera nýja samþykkt. Á þann hátt verði stuðlað að því að tölfræðilegar upplýsingar um málefni vinnumarkaðarins frá þeim aðildarríkjum ILO sem staðfesta samþykktina verði sambærilegri og betri grundvöllur fyrir áætlanagerð á þessu sviði.

Samkvæmt 1. gr. samþykktarinnar, sem nefnist Samþykkt nr. 160 um hagskýrslugerð um atvinnumál, eru þau lönd sem staðfesta hana skuldbundin til að taka að sér að safna, skrá og gefa út reglulega tölfræðilegar upplýsingar um undirstöðuatriði vinnumála. Meðal þeirra atriða sem talin eru upp í greininni eru upplýsingar um fjölda á vinnumarkaði, atvinnuástand, atvinnuleysi og ef því verður við komið upplýsingar um dulið atvinnuleysi. Einnig skal veita upplýsingar um skiptingu fólks í starfsgreinar, meðaltekjur, vinnutíma, tekjudreifingu, laun og launatengd gjöld, framfærsluvísitölu, útgjöld heimilanna, vinnuslys og vinnudeilur. Í samþykktinni er lögð áhersla á samræmingu á notkun hugtaka og skilgreininga í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Tillagan sem fylgir samþykktinni hefur að geyma leiðbeiningar um það hvernig auka megi samanburðarhæfni ofangreindra upplýsinga.

Samþykktin er birt í heild sinni sem fylgiskjal nr. 1 og tillagan sem fylgiskjal nr. 3.

2.5. HEILSUGÆSLA Á VINNUSTÖÐUM.

Alþjóðavinnumálalagningið afgreiddi einnig samþykkt og tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum. Samþykktin gerir ráð fyrir samstarfi atvinnurekenda og launafólks um fyrirbyggjandi heilsugæslu innan fyrirtækja og bætt vinnuumhverfi.

Í fyrsta kafla hennar er fjallað um stefnu stjórnvalda. Meðal annars er kveðið á um það í 2. gr. að þau ríki sem staðfesta samþykktina skuli móta, framkvæma og endurskoða reglulega í samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins samræmda stefnu varðandi heilsugæslu á vinnustöðum. Þriðja greinin er um skuldbindingu aðildarríkis til að efla smám saman heilsugæslu fyrir allt launafólk.

Í öðrum kaflanum er hlutverk heilsugæslunnar skilgreint. Í 5. gr. er til dæmis kveðið á um það að eitt af hlutverkum heilsugæslu sé að finna og meta þá þætti á vinnustað sem stofna heilsu starfsfólks í hættu. Einnig að hafa eftirlit með þeim þáttum á vinnustað og vinnuadferðum sem kunna að hafa áhrif á heilsu starfsmanna, t. d. hreinlætisaðstöðu, matstofum og húsnæði.

Þriðji kaflinn er um skipulagningu heilsugæslu. Í 7. gr. segir að heilsugæslu á vinnustöðum megi skipuleggja sem þjónustu innan eins fyrirtækis eða sem sameiginlega þjónustu fyrir mörg fyrirtæki eftir því sem henta þykir.

Fjallað er um rekstur heilsugæslu í fjórða kaflanum og þær kröfur sem hlutaðeigandi stjórnvöld skuli gera um hæfni starfsmanna heilsugæslunnar.

Lokakaflinn, sjötti kaflinn, er um almenn ákvæði.

Samþykktin og tillagan eru birtar hér á eftir sem fylgiskjöl nr. 2 og 4.

2.6. ÞINGSÁLYKTANIR.

Fjórar þingsályktunartillögur komu frá þingnefndum til afgreiðslu allsherjarþingsins og voru þær allar samþykktar. Hér verður gerð efnisleg grein fyrir þessum tillögum.

a) Önnur tveggja tillagna sem ályktunarnefndin afgreiddi til allsherjarþingsins fjallaði um **brýnustu vandamál Afríku — sérstaklega matvæðaskortinn**. Í tillögunni er skorað á öll ríki heimsins, sérstaklega iðnríkin, sem og alþjóðastofnanir að auka stuðning sinn við þau lönd Afríku sem hafa orðið fyrir bardinu á þurrkum. Sérstök áhersla er lögð á aukinn stuðning til að bæta úr skorti á lyfjum og matvælum. Ennfremur að aðstoðin taki mið af því

að tryggja sjálfstæða efnahags- og félagslega þróun í Afríku. Einnig er skorað á Alþjóðavinnuárástofnunina að halda áfram að auka umsvif sín í Afríku og aðstoða ríki álfunnar við að leysa brýnustu vandamál sín sem eru atvinnuleysi, matvæðaskortur og fátækt. Í tillögunni er því beint til stofnunarinnar að hún noti öll tæki til að veita löndum Afríku sérstaka aðstoð sem beinist að efnahagslegri og félagslegri þróun ríkjanna. Í niðurlagi tillögunnar eru taldar upp nokkrar ráðstafanir sem stjórnarnefnd og forstjóri ILO eiga að veita sérstakan forgang vegna aðstoðar við lönd Afríku. Með tillögunni fylgir viðauki sem ber yfirskriftina: Áætlun um aðgerðir Alþjóðavinnuárástofnunarinnar í þágu Afríku.

b) Seinni tillagan sem ályktunarnefndin afgreiddi fjallar **um aðgerðir til að sporna gegn hættu og slysum vegna notkunar hættulegra efna í iðnaði**. Í þessari ályktunartillögu lýsa aðildarríki Alþjóðavinnuárástofnunarinnar yfir áhyggjum sínum vegna fjölgunar alvarlegra iðnaðarslysa sem hafa valdið dauða eða örkuðum þúsundum manna. Áhersla er lögð á það í ályktuninni að aðildarríkin móti þegar stefnu sem hafi það markmið að draga úr hættu vegna meðferðar hættulegra efna í framleiðslu, við flutning þeirra og geymslu og aðra meðhöndlun. Í tillögunni eru talin upp nokkur atriði sem gætu þjónað þessu markmiði.

c) Þingið samþykkti tillögu **um jafnrétti á vinnumarkaði** frá nefndinni sem fjallaði um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Í ályktuninni er lögð áhersla á aukna atvinnuþátttöku kvenna og jafnan rétt til atvinnu, án tillits til efnahagsástands eða aðstæðna á vinnumarkaði, til að gera þeim kleift að leggja sitt af mörkum til efnahagsuppbyggingar og félagslegrar uppbyggingar landa sinna.

Þar sem atvinnuleysi bitnar meira á konum en körlum lagði þingið til að sami mælikvarði yrði notaður fyrir alla varðandi uppsagnir og brottrekstur úr starfi, að fólki væri ekki mismunandi vegna kyns, hjúskaparstéttar eða aldurs, og að konur nyttu sérstakrar verndar í starfi vegna þungunar og barnsburðarleyfis. Sérstakar áætlanir ætti að gera vegna kvenna og annarra hópa sem óskuðu eftir að koma aftur á vinnumarkað eftir hlé frá störfum.

Í tillögunni lýsir þingið yfir því að konur í dreifbýli eigi að hafa jafnan rétt og karlar til eignar á landi, til menntunar, tækniþjálfunar og endurmenntunar, lánaþyrngreiðslu og annarrar þyrngreiðslu.

Þingið ítrekaði þörfina á því að sömu laun væru greidd fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf og að nauðsynlegt væri að tryggja að röðun starfa og starfsmat væri óháð kyni.

Einnig er þess krafist að konur taki fullan þátt í ákvörðunum á öllum stigum þjóðfélagsins og að áttak verði gert til að tryggja konum fulla þátttöku á vettvangi félags-, efnahags- og stjórnmála.

Í niðurlagi tillögunnar er þess óskað að stjórnarnefnd ILO láti athuga þörfina fyrir viðbótarsamþykkt við Samþykktina um jafna stöðu og jöfn tækifæri og að endurskoðuð verði Samþykkt nr. 89 um næturvinnu kvenna í iðnaði í ljósi fenginnar reynslu og þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað svo og með tilliti til þeirrar vísinda- og tækniþekkingar sem fyrir hendi er.

d) Þingið samþykkti ályktun **um aðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda Suður-Afríku**. Í ályktuninni ítrekar þingið fullan stuðning sinn við yfirlýsingu Alþjóðavinnuárástofnunarinnar frá 1974, sem var endurskoðuð 1981, varðandi kynþáttaaðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku og áætlun um aðgerðir og framkvæmd þeirra. Með hliðsjón af skýrslu forstjórans um aðskilnaðarstefnuna samþykkti þingið að lögð skyldi meiri áhersla á aðgerðir aðildarríkja ILO á sviði löggjafar og stjórnsýslu. Í ályktuninni er Alþjóðavinnuárástofnunin hvött til að rannsaka fjárfestingu í svonefndum „heimahéruðum“ (home-lands) sem hafa verið stofnuð í Suður-Afríku og kanna hvaða áhrif hún hefur á svarta launþega. Einnig er stofnunin hvött til að afla upplýsinga um erlenda fjárfestingu og erlendar lánveitingar til Suður-Afríku.

Þingið endurtók tilmæli sín um að skipulagt verði á vegum Sameinuðu þjóðanna bann við flutningi olíu til Suður-Afríku. Í ályktuninni er hvatt til eins mikillar aðstoðar við

grannríki Suður-Afríku og mögulegt er til að verja þau gegn efnahagslegum skemmdarverkum og undirróðri. Þingið endurtók óskir sínar til fjölþjóðafyrirtækja um að þau beini fjárfestingum sínum til ríkja, sem eiga aðild að ráðstefnu sem fjallar um samræmingu á þróun í suðurhluta Afríku.

2.7 ÚTDRÁTTUR ÚR RÆÐU FORSÆTISRÁÐHERRA INDLANDS, RAJIV GANDHI.

Í kafla 2.1 var þess getið að forstjóri ILO býður venjulega einum eða fleiri heiðursgestum til Alþjóðavinnuálagingsins. Um er að ræða menn sem hafa getið sér gott orð fyrir baráttu eða aðgerðir sem stuðla að auknu félagslegu réttlæti í heiminum eða heimalandi hlutadeigandi. Sérstakur heiðursgestur 71. Alþjóðavinnuálagingsins var forsætisráðherra Indlands, Rajiv Gandhi. Hann hélt ræðu á hátíðarfundum allsherjarþingsins sem haldinn var 17. júní 1985. Hér á eftir fer stuttur útdráttur úr ræðu Gandhis.

Í inngangi ræðu sinnar þakkaði forsætisráðherrann fyrir þann heiður að fá að ávarpa Alþjóðavinnuálagingsið. Því næst gerði hann að umtalsefni baráttu þeirra sem minna mega sín í heiminum. Hann sagði að þeir sem þjáðust af fátækt, matvæskorti eða væru olnbogabörn í löndum sínum hefðu unnið marga mikilvæga sigra en baráttan yrði að halda áfram. Milljónum fátæklinga í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku væri meinað um brýnustu mannréttindi. Jafnvel nú á tímum væri hungur staðreynd í nokkrum heimsálfum. Gandhi sagði að fjalla ætti um hlutverk Alþjóðavinnuálagingsinnar út frá þessu sjónarhorni. Grundvallarhlutverk ILO er að tryggja með alþjóðasamvinnu félagslegt réttlæti og frið. Á sama hátt og Alþjóðavinnuálagingsinnin hefði verið svar heimsins við misnotkun vinnunnar hefði kerfi Sameinuðu þjóðanna í heild sinni verið svar við óskum um varðveislu friðar og reglu í heiminum. Í ræðunni fór hann nokkrum orðum um það hvernig Sameinuðu þjóðunum hefði tekist að uppfylla þær vonir sem bundnar hefðu verið við samtökin og gat þess að þrátt fyrir að vopnuð átök brjótist enn út hefði trúin á sameiginlegar aðgerðir með aðstoð alþjóðasamtaka styrkst. Forsætisráðherrann lagði áherslu á þá skoðun Indverja að vandamál liðandi stundar verði einungis leyst með endurnýjðri trú á grundvallaratriði sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Í ræðunni gerði Rajiv Gandhi að umtalsefni baráttu Indverja fyrir sjálfstæði og hvernig fjöldahreyfing með þátttöku verkafólks í iðnaði og landbúnaði hefði skilað þeim árangri sem nægði til sigurs. Hann benti á að við gerð stjórnarskrár Indlands hefði því verið lýst yfir að ríkið skyldi tryggja réttlátar og mannúðlegar vinnuáðstæður sem leiddu til lífvænlegra launa og mannsæmandi lífsafkomu launafólks í iðnaði, landbúnaði og öðrum starfsgreinum. Forsætisráðherrann lýsti með nokkrum orðum þeirri félagsmála- og efnahagsstefnu sem Jawaharlal Nehru fylgdi.

Gandhi fjallaði um stöðu atvinnuleysingja. Hann sagði að árangurinn af brautryðjenda- starfi ILO á sviði vinnulöggjafar væri mjög athyglisverður og í grundvallaratriðum væru þær hugmyndir sem búa að baki stöðlum stofnunarinnar viðteknar hvar sem er í heiminum. Lífskjör og vinnuáðstæður launafólks hefðu batnað verulega. Þetta ætti þó fyrst og fremst við um þá sem væru í vinnu. Forsætisráðherrann varpaði fram þeirri spurningu hvað Alþjóðavinnuálagingsinnin gæti gert til að aðstoða þann hluta vinnuafslsins sem er atvinnulaus og utan verkalýðsfélaga. Yfirgnæfandi meirihluti fólks í þróunarlöndunum býr við þessar aðstæður.

Rajiv Gandhi ræddi um iðnaðarslysið í Bhopal á Indlandi sem hann sagði sýna þær hættur sem fólgnar eru í umhverfi þess iðnverkafólks sem vinnur við hátækni iðnað. Forsætisráðherrann sagði Indverja hafa gripið til margs konar aðgerða til að milda á beinan og óbeinan hátt hörmulegar afleiðingar af slysinu. Hann sagði það hlutverk alþjóðastofnana, þar á meðal Alþjóðavinnuálagingsinnar, að taka til umræðu hinar yfirgripsmeiri hliðar þessa máls eins og spurninguna um félagslega ábyrgð fjölþjóðafyrirtækja.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 160 um hagskýrslugerð um atvinnumál.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 71. þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1985 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur samþykkt tilteknar ábendingar um breytingar á samþykkt um hagskýrslur um laun og vinnutíma, nr. 63 frá 1938, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir það í dag, 25. júní 1985, eftirfarandi samþykkt um hagskýrslugerð um atvinnumál, 1985:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Sérhvert aðildarríki sem staðfestir þessa samþykkt skuldbindur sig til þess að safna, skrá og gefa út reglulega tölfræðilegar upplýsingar um undirstöðuatriði atvinnumála og skal við þær bæta smám saman þar til þær ná til eftirfarandi þátta:

- a. fjölda virkra þegna við atvinnustarfsemi, atvinnuástands, atvinnuleysis, þar sem það á við, og augljóslega ónógrar atvinnu, eftir því sem unnt er;
- b. samsetningar og skiptingar þeirra þjóðfélagshópa sem stunda atvinnustarfsemi, svo að unnt sé að gera nákvæma greiningu, svo og til viðmiðunar;
- c. meðaltekna og -vinnutíma (raunverulega unnar stundir eða greiddar stundir) og, þar sem það á við, tímakaups og venjulegrar lengdar vinnutíma;
- d. launataxta og -dreifingar;
- e. launakostnaðar;
- f. vísitölu framfærslukostnaðar;
- g. heimilisútgjalda eða, þar sem það á við, fjölskylduútgjalda og, þar sem því verður við komið, heimilistekna eða, þar sem það á við, fjölskyldutekna;
- h. vinnuslysa og, eftir því sem við verður komið, atvinnusjúkdóma; og
- i. vinnudeilna.

2. gr.

Aðildarríkin skulu hafa hliðsjón af nýjustu stöðlum og viðmiðunarreglum, sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur sett, um hönnun eða endurskoðun á hugtökum, skilgreiningum og aðferðum sem beitt er þegar tölfræðilegum upplýsingum er safnað, þær skráðar og út gefnar samkvæmt þessari samþykkt.

3. gr.

Hafa skal samráð við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru fyrir hendi, svo að unnt sé að taka tillit til þeirra og tryggja samvinnu þeirra, um hönnun eða endurskoðun á hugtökum, skilgreiningum og aðferðum sem beitt er þegar tölfræðilegum upplýsingum er safnað, þær skráðar og út gefnar samkvæmt þessari samþykkt.

4. gr.

Þessi samþykkt skuldbindur engan til að birta eða gera heyrinkunnug gögn sem gætu leitt til þess að opinberaðar séu að einhverju leyti upplýsingar um einstakar staðtölueiningar, svo sem einstakling, heimili, stofnun eða fyrirtæki.

5. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem staðfest hefur þessa samþykkt, skuldbindur sig til að senda til Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, svo fljótt sem því verður við komið, þær tölfraðilegu upplýsingar sem skráðar hafa verið og gefnar út skv. ákvæðum samþykktarinnar, auk upplýsinga um útgáfu þeirra, einkum:

- a. upplýsingar um útgáfumáta (titlar og tilvísunarnúmer þegar um prentað mál er að ræða og samsvarandi upplýsingar þegar gögnin eru birt á annan hátt); og
- b. upplýsingar um síðustu dagsetningar eða tímabil, sem skýrslur taka til svo og um útgáfu eða birtingartíma þeirra.

6. gr.

Nákvæm lýsing á heimildum, hugtökum, skilgreiningum og aðferðum, sem notaðar eru við skýrslugerð samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, skal:

- a. gerð og endurskoðuð svo að fram komi breytingar sem þýðingu hafa;
- b. send til Alþjóðavinnuáskrifstofunnar svo fljótt sem því verður við komið; og
- c. gefin út á vegum hlutaðeigandi opinberrar stofnunar.

II. KAFLI

Hagskýrslur um undirstöðuatriði atvinnumála.

7. gr.

Skýrslugerð um virka íbúa við atvinnustarfsemi, atvinnuástand, atvinnuleysi, þar sem það á við, og augljóslega ónóga atvinnu, þar sem því verður við komið, skal unnin með þeim hætti að hún gefi til kynna ástandið á öllu landinu.

8. gr.

Skýrslugerð um samsetningu og dreifingu þeirra þjóðfélagshópa sem eru virkir við atvinnustarfsemi skal unnin með þeim hætti að hún gefi til kynna ástandið á öllu landinu, svo að unnt sé að gera nákvæma greiningu, svo og til viðmiðunar.

9. gr.

1. Skýrslur um meðaltekjur og -vinnutíma (raunverulega unnar stundir eða greiddar stundir) skulu færðar þannig að þær nái til allra mikilvægra starfsstétta og allra mikilvægra þátta atvinnulífsins og með þeim hætti að þær gefi til kynna ástandið á öllu landinu.

2. Þar sem það á við skal færa skýrslur um tímakaup og venjulegan vinnutíma í mikilvægum atvinnugreinum eða nokkrum atvinnugreinum í mikilvægum þáttum atvinnulífsins og með þeim hætti að þær gefi til kynna ástandið á öllu landinu.

10. gr.

Skýrslur um launataxta og -dreifingu skulu skráðar fyrir allar starfsstéttir á mikilvægum sviðum atvinnulífsins.

11. gr.

Gera skal hagskýrslur um launakostnað á mikilvægum sviðum atvinnulífsins. Slíkar skýrslur skulu vera í samræmi við upplýsingar um atvinnuástand og vinnutíma (raunverulega unnar stundir eða greiddar stundir) í sama mæli, ef því verður við komið.

12. gr.

Reikna skal vísitölu framfærslukostnaðar til þess að fylgjast með verðbreytingum á neysluvörum stórra þjóðfélagshópa eða allra þegnanna.

13. gr.

Færa skal skýrslur um heimilisútgjöld eða, þar sem það á við, fjölskylduútgjöld og, þar sem því verður við komið, heimilistekjur eða, þar sem það á við, fjölskyldutekjur og skal skýrslugerðin ná til allra tegunda og stærða einkaheimila eða fjölskyldna þannig að hún gefi til kynna ástandið á öllu landinu.

14. gr.

1. Skýrslur um vinnuslys skulu færðar á þann hátt að þær gefi til kynna ástandið á landinu öllu og skulu þær ná til allra þátta atvinnulífsins ef því verður við komið.

2. Skýrslur um atvinnusjúkdóma skulu færðar á þann hátt að þær gefi til kynna ástandið á landinu öllu og skulu þær ná til allra þátta atvinnulífsins ef því verður við komið.

15. gr.

Skýrslur um vinnudeilur skulu færðar á þann hátt að þær gefi til kynna ástandið á landinu öllu og skulu þær ná til allra þátta atvinnulífsins ef því verður við komið.

III. KAFLI

Skuldbindingar.

16. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem staðfestir þessa samþykkt, skal samkvæmt hinum almennu ákvæðum í I. kafla skuldbinda sig til að framfylgja ákvæðum einnar eða fleiri greina samþykktarinnar eins og þær eru tilgreindar í II. kafla hennar.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilgreina í staðfestingu sinni hvaða grein eða greinum í II. kafla samþykktarinnar það skuldbindur sig til að framfylgja.

3. Sérhvert aðildarríki sem hefur staðfest þessa samþykkt getur síðar tilkynnt forstjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar að það hyggist staðfesta eina eða fleiri greinar í II. kafla samþykktarinnar til viðbótar þeim greinum sem það hefur samþykkt áður. Slíkar tilkynningar jafngilda staðfestingu frá þeim degi sem þær eru sendar.

4. Sérhvert aðildarríki sem staðfest hefur þessa samþykkt skal í skýrslum sínum um framkvæmd hennar samkvæmt ákvæðum 22. greinar stofnskrár Alþjóðavinnuáskrifstofunnar tilgreina hvaða áhrif lög og venjur landsins hafa á þá málaflokka sem ákvæði greina II. kafla samþykktarinnar ná til með tilliti til þess hvaða greinar það hefur ekki samþykkt og hvaða greinar eru þegar komnar til framkvæmda eða er ætlað að koma til framkvæmda varðandi þessa málaflokka.

17. gr.

1. Aðildarríki er heimilt að takmarka fyrst í stað skýrslugerð um þá grein eða greinar í II. kafla samþykktarinnar, sem það hefur staðfest, við tiltekna starfsstéttir, tiltekna þætti efnahagslífsins, tiltekinn hluta atvinnulífsins eða tiltekna landshluta.

2. Sérhvert aðildarríki, sem takmarkar skýrslugerð sína samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar, skal taka fram í fyrstu greinargerð sinni um framkvæmd samþykktarinnar, sem lögð er fram samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, til hvaða greinar eða greina í II. kafla samþykktarinnar slíkar takmarkanir ná og einnig ástæður fyrir þeim og í hverju þær eru fólgnar. Í síðari greinargerð skal tilgreina að hve miklu leyti hefur reynst kleift eða ætlunin er að láta hinar tölfræðilegu upplýsingar ná einnig til annarra starfsstétta, annarra þátta efnahagslífsins, annarra atvinnugreina eða annarra landshluta.

3. Aðildarríki er heimilt, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, að takmarka síðar umfang hagskýrslugerðar sinnar samkvæmt þeirri grein eða greinum II. kafla samþykktarinnar sem það hefur skuldbundið sig til að framfylgja, með því að senda yfirlýsingu til forstjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar innan mánaðar frá því að hvert heilt ár er liðið frá því að samþykktin gekk fyrst í gildi. Slíkar yfirlýsingar ganga í gildi einu ári eftir að þær hafa verið skráðar. Sérhvert aðildarríki sem tilkynnir um slíkar takmarkanir skal í skýrslum sínum um framkvæmd samþykktarinnar, sem lagðar eru fram samkvæmt ákvæðum 22. greinar stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, gefa þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. tölulið þessarar greinar.

18. gr.

Með þessari samþykkt eru gerðar breytingar á Samþykkt um hagskýrslur um laun og vinnutíma frá 1938.

IV. KAFLI
Lokaákvæði.

19. gr.

Formlega staðfestingu á þessari samþykkt skal senda til forstjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skráningar.

20. gr.

1. Forsenda þess að aðildarríki Alþjóðavinnuálastofnunarinnar séu skuldbundin til að hlíta ákvæðum þessarar samþykktar er að forstjóri hennar hafi skráð staðfestingu þeirra.

2. Samþykktin gengur í gildi einu ári eftir að forstjórinn hefur skráð staðfestingu tveggja aðildarríkja.

3. Eftir það tekur samþykktin gildi fyrir sérhvert aðildarríki einu ári eftir að staðfesting þess hefur verið skráð.

21. gr.

1. Aðildarríki, sem hefur þegar staðfest þessa samþykkt, er heimilt að segja henni upp þegar 10 ár eru liðin frá því að hún gekk fyrst í gildi með því að senda forstjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar yfirlýsingu þess efnis til skráningar. Slík synjun gengur ekki í gildi fyrr en einu ári eftir að hún hefur verið skráð.

2. Sérhvert aðildarríki sem hefur staðfest þessa samþykkt og notfærir sér ekki heimild sína til að segja henni upp samkvæmt ákvæðum þessarar greinar innan árs frá því að tíu ár eru liðin frá því að hún gekk fyrst í gildi, sbr. 1. tölulið, er skuldbundið til að hlíta ákvæðum

samþykktarinnar í önnur tíu ár en getur síðan hafnað henni að hverju tíu ára tímabili liðnu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

3. Aðildarríki, sem hefur staðfest þessa samþykkt er heimilt, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, eftir að fimm ár eru liðin frá því að samþykktin gekk fyrst í gildi, með því að senda yfirlýsingu til forstjóra Alþjóðavinnnumála-skrifstofunnar, að draga til baka staðfestingu sína á ákvæðum samþykktarinnar varðandi eina eða fleiri greinar í II. kafla, svo fremi það standi við skuldbindingar sínar um a. m. k. eina þessara greina. Slík yfirlýsing gengur ekki í gildi fyrr en ár er liðið frá því að hún var skráð.

4. Sérhvert aðildarríki sem hefur staðfest þessa samþykkt og notfærir sér ekki heimild sína til að segja henni upp samkvæmt ákvæðum 3. töluliðar þessarar greinar innan árs frá því að fimm ár eru liðin frá því að hún gekk fyrst í gildi, er skuldbundið til að hlíta ákvæðum greina II. kafla, að svo miklu leyti sem það hefur staðfest samþykktina, í önnur fimm ár en getur síðan sagt henni upp að hverju fimm ára tímabili liðnu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

22. gr.

1. Forstjóri Alþjóðavinnnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar um skráningu sérhverrar staðfestingar og uppsagnar sem til hans berst frá aðildarríkjum stofnunarinnar.

2. Um leið og forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar um skráningu annarrar staðfestingarinnar sem honum hefur borist skal hann vekja athygli aðildarríkjanna á því hvenær samþykktin gengur í gildi.

23. gr.

Forstjóri Alþjóðavinnnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skráningar samkvæmt ákvæðum 102. greinar stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um sérhverja staðfestingu og allar uppsagnir sem hann hefur skráð samkvæmt ákvæðum greinanna hér að framan.

24. gr.

Stjórn Alþjóðavinnnumálaskrifstofunnar skal, þegar hún telur það tímabært, gefa allsherjarþinginu skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar, svo og athuga hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun á henni allri eða hluta hennar.

25. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu leyti eða að hluta og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:

- a. staðfesting aðildarríkis á hinni nýju samþykkt samkvæmt skilningi laganna hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem líður ákvæðum 21. greinar hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
- b. aðildarríkjum ekki heimilt að staðfesta þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur gengið í gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki sem hafa staðfest hana en ekki hina nýju samþykkt.

26. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Samþykkt nr. 161 um heilsugæslu á vinnustöðum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem kom saman til 71. þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1985 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar,

minnst þess að eitt af hlutverkum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar samkvæmt stofnskrá hennar er að vernda launafólk fyrir veikindum, sjúkdómum og slysum af völdum starfsþess,

minnst ákvæða gildandi alþjóðavinnuálastofnunarinnar og -tillagna sem þetta mál varða og þá einkum tillögu um heilsuvernd á vinnustöðum frá 1953, tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1959, Samþykktar um vernd og fyrirgreiðslu til handa trúnaðarmönnum verkamanna á vinnustað frá 1971 og Samþykktar og tillögu um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi frá 1981, sem liggja til grundvallar stefnumörkun og framkvæmdum í hverju landi,

hefur samþykkt tilteknar ábendingar um heilsugæslu á vinnustöðum, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, 26. júní 1985, eftirfarandi samþykkt sem nefnist Samþykkt um heilsugæslu á vinnustöðum, 1985:

I. KAFLI

Stefna stjórnvalda.

1. gr.

Í þessari samþykkt tekur

- a. hugtakið „heilsugæsla á vinnustöðum“ til þeirrar þjónustu sem einkum er ætlað að vera til forvarnar og til að veita atvinnurekanda, starfsmönnum og trúnaðarmönnum þeirra ráð um það:
 - i. hvað gera þarf til að skapa og viðhalda öruggu og heilsusamlegu umhverfi sem stuðli að sem bestri líkamlegri og andlegri heilsu við vinnu;
 - ii. hvernig laga má störf að hæfileikum starfsmanna þannig að þau miðist við líkamlega og andlega heilsu þeirra;
- b. hugtakið „trúnaðarmenn launafólks“ til þeirra manna sem hafa hlotið viðurkenningu sem slíkir samkvæmt lögum eða venjum landsins.

2. gr.

Sérhvert aðildarríki skal móta, framkvæma og endurskoða reglulega samræmda stefnu, sem nær til alls landsins, í heilsugæslu á vinnustöðum og skal í þeim efnum miða við ástand og venjur í landinu og hafa samráð við samtök atvinnurekenda og launafólks þar sem þau eru fyrir hendi.

3. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að efla smám saman heilsugæslu fyrir allt launafólk, m.a. það sem starfar hjá hinu opinbera og framleiðslusamvinnufélögum, svo og í öllum greinum atvinnulífs og öllum fyrirtækjum. Þær ráðstafanir sem gerðar eru skulu vera fullnægjandi og við hæfi miðað við þær hættur sem hinum tilteknu framkvæmdum eru samfara.

2. Ef ekki er unnt að koma við heilsugæslu án tafar í öllum fyrirtækjum skal aðildarríki gera áætlanir um að stofna til slíkrar þjónustu í samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks þar sem þau eru fyrir hendi.
3. Aðildarríki skal, í fyrstu skýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar, sem lögð er fram samkvæmt ákvæðum 22. greinar stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, tilgreina hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar samkvæmt ákvæðum 2. töluliðar þessarar greinar og gefa í síðari skýrslum yfirlit yfir það hvernig til hefur tekist um framkvæmd slíkra ráðstafana.

4. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu hafa samráð um það við samtök atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru fyrir hendi, hvað gera skuli til þess að fullnægja ákvæðum þessarar samþykktar.

II. KAFLI

Hlutverk heilsugæslu.

5. gr.

Án þess að dregið sé úr ábyrgð sérhvers atvinnurekanda á heilsu og öryggi launafólks í þjónustu hans og með fullu tilliti til þess að launafólkið eigi hlutdeild í ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja heilsugæslu og öryggi á vinnustöðum, skal heilsugæslan gegna eftirtöldum hlutverkum eftir því sem er hæfilegt og viðeigandi miðað við þær hættur sem eru samfara hinu tiltekna starfssviði:

- a. að finna og meta þá þætti á vinnustað sem stofna heilsu starfsmanna í hættu;
- b. að hafa eftirlit með þeim þáttum á vinnustað og í vinnuháttum sem kunna að hafa áhrif á heilsu starfsmanna, svo sem hreinlætisaðstöðu, matstofum og húsnæði, þar sem atvinnurekandi leggur slíkt til;
- c. að gefa ráð um áætlanir og skipulagningu vinnu, þ.m.t. hönnun vinnustaða, val, viðhald og ástand véla og annarra tækja og efnis sem notað er við vinnuna;
- d. að taka þátt í áætlanagerð til endurbóta á vinnuháttum, svo og í prófun og mati á nýjum tækjum með tilliti til áhrifa þeirra á heilsu manna;
- e. að gefa ráð um heilsugæslu, öryggi og hreinlæti, svo og um vinnuvistfræði og einstaklingsbundinn og sameiginlegan varnarbúnað;
- f. að fylgjast með heilsu launafólks hvað við kemur störfum þess;
- g. að stuðla að því að starfið sé lagað að starfsmanninum;
- h. að leggja sitt af mörkum til endurmenntunar launafólks,
- i. að aðstoða við upplýsingaöflun, þjálfun og fræðslu um heilsugæslu, hreinlæti og vinnuvistfræði;
- j. að skipuleggja skyndihjálp og neyðarhjálp;
- k. að taka þátt í greiningu vinnuslysa og atvinnusjúkdóma.

III. KAFLI

Skipulagning.

6. gr.

Ráðstafanir skal gera til að koma á fót heilsugæslu:

- a. með setningu laga eða reglugerða; eða
- b. með heildarsamkomulagi eða með þeim hætti öðrum sem hlutaðeigandi atvinnurekendur og launafólk samþykkja; eða
- c. með hverjum þeim hætti öðrum sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa samþykkt að höfðu samráði við samtök atvinnurekenda og launafólks.

7. gr.

1. Heilsugæslu á vinnustöðum má skipuleggja sem þjónustu innan eins fyrirtækis eða sem sameiginlega þjónustu fyrir mörg fyrirtæki, eftir því sem henta þykir.
2. Eftirtaldir aðilar geta skipulagt heilsugæsluna og fer það eftir aðstæðum og venjum í hverju landi:
 - a. hlutaðeigandi fyrirtæki eða hópar fyrirtækja;
 - b. stjórnvöld eða opinberar þjónustustofnanir;
 - c. almannatryggingastofnanir;
 - d. hver sá annar aðili sem til þess hefur fengið heimild hlutaðeigandi stjórnvalds;
 - e. einhverjir hinna ofangreindu aðila í samvinnu.

8. gr.

Atvinnurekandi, launafólk og trúnaðarmenn þess, þar sem þeir eru fyrir hendi, skulu hafa samvinnu um og taka þátt í skipulagningu og framkvæmdum við heilsugæsluna, eftir því sem við verður komið.

IV. KAFLI

Rekstraraðstæður.

9. gr.

1. Heilsugæslan ætti að vera alhliða samkvæmt lögum og venjum í hverju landi. Hvaða starfsmenn eru ráðnir til hennar ræðst af því hvers eðlis vinnan er.
2. Heilsugæslan skal gegna starfi sínu í samvinnu við aðra þjónustu í fyrirtækinu.
3. Gera skal ráðstafanir, samkvæmt lögum og venjum landsins, til að tryggja nægilega samvinnu og samræmingu milli heilsugæslu á vinnustöðum og, eftir því sem við á, við þá aðila aðra sem veita heilbrigðisþjónustu.

10. gr.

Starfsmenn heilsugæslu á vinnustað skulu í starfi sínu vera algerlega óháðir atvinnurekendum, launafólki og trúnaðarmönnum þess, þar sem þeir eru fyrir hendi, þegar þeir rækja þau hlutverk sem tilgreind eru í 5. gr.

11. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu ákveða hvaða kröfur skal gera um hæfni starfsmanna við heilsugæslu á vinnustöðum og fer það eftir eðli þeirra starfa sem vinna skal, svo og eftir lögum og venjum í landinu.

12. gr.

Eftirlit með heilsu launafólks, hvað varðar störf þess, skal ekki valda því tekjutapi; það á að vera ókeypis og fara fram í vinnutíma að svo miklu leyti sem því verður við komið.

13. gr.

Öllu launafólki skal gerð grein fyrir því að hvaða leyti störf þess geta verið heilsuspillandi.

14. gr.

Atvinnurekandi og starfsmenn skulu tilkynna heilsugæslu um þekkta og meinta áhættuþætti á vinnustað sem gætu haft áhrif á heilsu launafólks.

15. gr.

Heilsugæsla á vinnustað skal fá upplýsingar um veikindi starfsmanna og veikindaforföll svo að hún geti gengið úr skugga um hvort nokkurt samband sé á milli veikinda og

veikindaforfalla og nokkurra þeirra áhættuþátta á vinnustað sem gætu verið heilsuspillandi. Starfsmönnum heilsugæslu á vinnustað er ekki skylt að sannreyna ástæður veikindaforfalla að beiðni atvinnurekanda.

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

16. gr.

Í lögum eða reglugerðum landsins skal tiltekið hvaða stjórnvöld skulu hafa eftirlit með heilsugæslu á vinnustöðum þegar henni hefur verið komið á fót, svo og að veita henni ráðgjöf.

17. gr.

Formlegar staðfestingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar til skrásetningar.

18. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar sem látið hafa forstjóra skrá staðfestingar sínar.
2. Hún skal öðlast gildi tólf mánuðum eftir að staðfestingar tveggja aðildarríkja hafa verið
skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir
að staðfesting þess hefur verið skráð.

19. gr.

1. Aðildarríki, sem staðfest hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum
frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra Alþjóða-
vinnu-
málaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er
liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert aðildarríki sem staðfest hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá
lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem
kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil og síðan getur
það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði
þessarar greinar.

20. gr.

1. Forstjóri Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóða-
vinnu-
málaskrifstofunnar skrásetningu allra staðfestinga og uppsagna sem aðildarríki
stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjóri tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar staðfest-
ingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin
öðlist gildi.

21. gr.

Forstjóri Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna
til skrásetningar, samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um
staðfestingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi
greina.

22. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún
leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga
jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta
hennar.

23. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg þá skal:
 - a) staðfesting aðildarríkis á hinni nýju samþykkt **ipso jure** hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæði 12. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
 - b) aðildarríkjum er ekki heimilt að staðfesta þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi til og efni hvað snertir þau aðildarríki sem hafa staðfest hana en ekki hina nýju samþykkt.

24. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal III.

Tillaga nr. 170 um hagskýrslugerð um atvinnumál.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar, sem kom saman til 71. þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1985 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuáskrifstofunnar,

viðurkennir þörfina fyrir áreiðanlegar hagskýrslur um atvinnumál jafnt í iðnríkjum sem þróunarlöndum, einkum til notkunar við áætlanagerð, svo og til að unnt sé að fylgjast með félagslegum og efnahagslegum framförum og einnig vegna samskipta aðila vinnumarkaðarins,

hefur samþykkt tiltekna ábendingar um breytingar á Samþykkt um hagskýrslur um laun og vinnutíma, nr. 63 frá 1938, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu sem verði viðauki við Samþykkt um hagskýrslugerð um atvinnumál, 1985, gerir þingið í dag, 25. júní 1985, eftirfarandi tillögu sem nefna má tillögu um hagskýrslugerð um atvinnumál, 1985:

I. TÖLFRÆÐILEGAR GRUNNUPPLÝSINGAR UM ATVINNUMÁL.

Skýrslur um íbúa við arðbær störf, atvinnu, atvinnuleysi og ónóga atvinnu.

1. (1) Árlega skulu teknar saman skýrslur um virka menn við atvinnustarfsemi, atvinnu, atvinnuleysi þar sem það á við og, þar sem því verður við komið, um sýnilega ónóga atvinnu.

(2) Skýrslur þessar skulu sýna flokkun eftir kynjum og, þar sem því verður við komið, aldurshópum og atvinnugreinum.

2. (1) Skýrslur um samsetningu og dreifingu virkra manna við atvinnustarfsemi skulu teknar saman eigi sjaldnar en á 10 ára fresti til þess að fullnægt sé langtímapörfum fyrir nákvæmar athuganir og til viðmiðunar.

(2) Þessar skýrslur skulu a.m.k. flokkaðar eftir kyni, aldurshópi, atvinnustétt eða hæfnisstigi, atvinnugrein, landsvæði og stöðu (þ.e. atvinnurekandi, einyrki, launþegi, ólaunaður heimilismaður, félagi í framleiðslusamvinnufélagi).

Skýrslur um laun og vinnutíma.

3. (1) Ekki sjaldnar en árlega skal taka saman skýrslur um meðaltekjur og -vinnutíma (raunverulega unnar stundir eða greiddar stundir).

(2) Þessar upplýsingar skulu a.m.k. flokkaðar eftir atvinnugrein og kyni, eftir stærð fyrirtækis og landsvæði þar sem það á við, og aldurshópi og atvinnustétt eða hæfnisstigi þar sem því verður við komið.

4. (1) Nýjustu skýrslur um tímakaup og venjulegan vinnutíma skal skrá a.m.k. árlega þar sem það á við.

(2) Þessar skýrslur skulu flokkaðar a.m.k. eftir atvinnugrein, svo og eftir kyni, aldurshópi, starfi eða starfshópi eða hæfnisstigi, stærð fyrirtækis og landsvæði.

5. (1) Skýrslur um launataxta og -dreifingu skal taka saman reglulega, á fimm ára fresti ef því verður við komið, í því skyni að unnt sé að greina nákvæmlega þá þróun sem verður á löngum tíma og til viðmiðunar.

(2) Þessar skýrslur ættu að veita:

- a. upplýsingar um tekjur og vinnutíma (raunverulega unnar stundir eða greiddar stundir), a.m.k. flokkaðar eftir kyni, aldurshópi, starfi eða starfshópi eða hæfnisstigi, atvinnugrein, stærð fyrirtækis og landsvæði;
- b. nákvæmar upplýsingar um samsetningu tekna (svo sem grunnlaun, yfirvinnulaun, greiðslur fyrir tíma sem ekki er unninn og aukagreiðslur og þjónustulaun), svo og vinnutíma (raunverulega unnar stundir eða greiddar stundir), og
- c. upplýsingar um dreifingu launþega eftir launaflokkum og vinnustundum (raunverulega unnum stundum eða greiddum stundum), flokkaðar eftir mikilvægum sérkennum launþega, svo sem kyni og aldurshópi.

6. (1) Gera skal skýrslur um launakostnað a.m.k. á fimm ára fresti í því skyni að mæta þörfum þegar til lengri tíma er litið.

(2) Birta skal sérstaklega framfærsluvísitölur fyrir mikilvæga flokka neysluvöru, kostnaðar, flokkaðan eftir atvinnugreinum.

Vísitala framfærslukostnaðar.

7. (1) Reikna skal og birta almenna framfærsluvísitölu fyrir stóra þjóðfélagshópa eða alla þegnana og skal hún ná til allra neysluvara.

(2) Birta skal sérstaklega framfærsluvísitölur fyrir mikilvæga flokka neysluvöru, svo sem matvæli, drykkjarvörur og tóbak, fatnað og skófatnað, húsnæði, eldsneyti og rafmagn til ljósa, svo og aðra mikilvæga flokka.

8. Vísitölu framfærslukostnaðar skal reikna og birta mánaðarlega, ef unnt er, en annars a.m.k. á þriggja mánaða fresti.

9. Þeir þættir sem notaðir eru til að reikna vísitölu framfærslukostnaðar skulu endurskoðaðir a.m.k. á 10 ára fresti og þeim breytt þegar komið hafa í ljós merkjanlegar breytingar á neysluvenjum.

10. Það verð sem tekið er á skrá til útreiknings á vísitölu framfærslukostnaðar skal vera dæmigert fyrir innkaupavenjur hlutaðeigandi þjóðfélagshópa (t.d. hvar verslað er og eðli og gæði vörunnar).

Skýrslur um heimilisútgjöld og heimilistekjur.

11. (1) Taka skal saman eigi sjaldnar en á 10 ára fresti skýrslur um heimilisútgjöld eða, þar sem það á við, fjölskylduútgjöld og þar sem því verður við komið, heimilistekjur eða, þar sem það á við, fjölskyldutekjur.

(2) Í slíkum skýrslum skal koma fram, meðal annars, hvað varðar heimili eða fjölskyldur, eftir því sem við á:

- a. nákvæmar upplýsingar um útgjöld;
- b. nákvæmar upplýsingar um tekjur eftir launaflokki og tekjulind, ef því verður við komið;
- c. nákvæmar upplýsingar um samsetningu þeirra eftir kyni, aldurshópi og öðrum mikilvægum sérkennum þessara aðila; og
- d. upplýsingar um útgjöld og, þar sem því verður við komið, tekjur flokkaðar eftir upphæð og tegund, útgjaldaflokki og, þar sem því verður við komið, tekjuflokki.

Skýrslur um vinnuslys og atvinnusjúkdóma.

12. (1) Árlega skal gera skýrslur um vinnuslys.

(2) Slíkar skýrslur skulu flokkaðar a.m.k. eftir atvinnugrein og, ef því verður við komið, eftir mikilvægum sérkennum launþega (svo sem kyni, aldurshópi og starfi eða starfsgrein eða hæfnisstigi) og fyrirtækja.

13. (1) Skýrslur um atvinnusjúkdóma skulu unnar árlega að svo miklu leyti sem því verður við komið.

(2) Slíkar skýrslur skulu flokkaðar a.m.k. eftir atvinnugrein og, ef því verður við komið, eftir mikilvægum sérkennum launþega (svo sem kyni, aldurshópi og starfi eða starfsgrein eða hæfnisstigi) og fyrirtækja.

Skýrslur um vinnudeilur.

14. (1) Skýrslur um vinnudeilur skulu unnar a.m.k. árlega.

(2) Slíkar skýrslur skulu flokkaðar a.m.k. eftir atvinnugreinum.

Skýrslur um framleiðni.

15. Smám saman skal bæta skýrslur um framleiðni í mikilvægum greinum atvinnulífsins.

II. KERFI TIL SÖFNUNAR TÖLFRÆÐILEGRA UPPLÝSINGA.

16. Aðildarríki skulu smám saman koma sér upp videigandi kerfi til að safna tölfræðilegum upplýsingum fyrir allt landið í þeim tilgangi að safna og taka saman upplýsingar um vinnumarkaðinn í samræmi við I. kafla þessarar tillögu. Meginþættir slíks kerfis skulu vera þessir:

- a. ítarleg og tæmandi skrá yfir stofnanir eða fyrirtæki til notkunar í könnunum og skráningu; slík skrá skal vera nægilega ítarleg til að gera megi úrtak stofnana eða fyrirtækja;
- b. samvirkt kerfi til að framkvæma kannanir eða skráningu stofnana eða fyrirtækja;
- c. aðstaða til að framkvæma samfellda og samræmda röð kannana á landsvísu á heimilishaldi og einstaklingum; og
- d. aðgangur að skýrslum stjórnvalda (svo sem hjá vinnumiðlunarskrifstofum, tryggingastofnunum og vinnueftirliti) til notkunar við tölfræðilega útreikninga og skal þá gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að með þær verði farið sem trúnaðarmál.

17. Aðildarríki skulu koma á fót videigandi stöðluðu flokkunarkerfi á landsvísu og skulu þau hvetja alla viðkomandi aðila til að beita því á samræmdan hátt ef hægt er.

18. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að samræma þær skýrslugerðir af ýmsum toga sem unnar eru af mismunandi aðilum samkvæmt ákvæðum þessarar tillögu.

19. (1) Aðildarríki skulu hafa hliðsjón af alþjóðatillögum um hagskýrslugerð um atvinnumál sem gerðar hafa verið á vegum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, svo og hliðstæðum tillögum annarra hlutaðeigandi alþjóðastofnana þegar þau hanna eða endurskoða hugtök, skilgreiningar og aðferðir sem notaðar eru við söfnun, samantekt og birtingu hagskýrslna samkvæmt ákvæðum þessarar tillögu.

(2) Aðildarríki skulu breyta hugtökum eða gefa þeim nýja merkingu ef við á, endurskoða skilgreiningar og flokkanir sem beitt er við samantekt upplýsinga samkvæmt ákvæðum þessarar tillögu þegar hliðstæðum alþjóðlegum stöðlum og viðmiðunarreglum er breytt eða þegar nýjar eru settar.

20. Aðildarríki geta leitað aðstoðar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar varðandi hönnun eða breytingar á hugtökum, skilgreiningum og þeim aðferðum sem beitt er við söfnun og samantekt og birtingu tölfræðilegra upplýsinga samkvæmt ákvæðum Samþykktar um hagskýrslugerð um atvinnumál, 1985, og þessarar tillögu.

Fylgiskjal IV.

Tillaga nr. 171 um heilsugæslu á vinnustöðum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 71. þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1985 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnst þess að eitt af hlutverkum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar samkvæmt stofnskrá hennar er að vernda launafólk fyrir veikindum, sjúkdómum og slysum sem stafa af starfi þess;

minnst ákvæða gildandi alþjóðavinnumálasamþykktar og -tillagna, sem þetta mál varða, og þá einkum tillögu um heilsuvernd á vinnustöðum frá 1953, tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1959, Samþykktar um vernd og fyrirgreiðslu til handa trúnaðarmönnum verkamanna á vinnustað frá 1971 og Samþykktar og tillögu um öryggi og heilbrigði við og starfsumhverfi frá 1981, sem liggja til grundvallar stefnumörkun og framkvæmdum í hverju landi, svo og Þríhliða yfirlýsingar um meginreglur varðandi fjölþjóðafyrirtæki og félagslega stefnumörkun, sem stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur samþykkt,

hefur samþykkt tilteknar ábendingar um heilsugæslu á vinnustöðum, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu sem verður viðauki við Samþykkt um heilsugæslu á vinnustöðum, 1985, gerir þingið í dag, 26. júní 1985, eftirfarandi tillögu sem nefnist Tillaga um heilsugæslu á vinnustöðum, 1985:

I. KAFLI

Stefna stjórnvalda.

1. Sérhvert aðildarríki ætti, eftir aðstæðum og venjum í landinu og í samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru fyrir hendi, að móta, framkvæma og endurskoða reglulega samræmda stefnu um heilsugæslu á vinnustöðum, sem nær til alls landsins, og ættu að koma þar fram meginreglur varðandi hlutverk hennar, skipulag og starfsemi.

2. (1) Sérhvert aðildarríki ætti að efla smám saman heilsugæslu á vinnustöðum fyrir allt launafólk, m.a. það sem starfar hjá hinu opinbera og framleiðslusamvinnufélögum, í öllum greinum atvinnulífsins og öllum fyrirtækjum. Þær ráðstafanir sem gerðar eru skulu vera fullnægjandi og við hæfi, miðað við þær tilteknu hættur sem starfseminni eru samfara.

(2) Einnig ætti að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera og við verður komið til þess að veita þeim mönnum sem starfa sjálfstætt sams konar vernd og tilgreind er í Samþykkt um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1985, svo og þessari tillögu.

II. KAFLI

Hlutverk heilsugæslu.

3. Forvarnir ættu að vera helsta hlutverk heilsugæslu á vinnustöðum.

4. Heilsugæsla á vinnustöðum ætti að miða starfsemi sína við þau fyrirtæki sem hún þjónar og skal þá einkum tekið tillit til þeirra þátta sem valda hættu á vinnustaðnum, svo og þeirra vandamála sem einkenna hlutaðeigandi atvinnugreinar.

A. Eftirlit á vinnustað.

5. (1) Eftirlit á vinnustað er fólgið í eftirfarandi:

- a. að finna og meta þá þætti í umhverfinu sem haft gætu áhrif á heilsu starfsmanna;
- b. að meta hreinlæti á vinnustaðnum og þá þætti í skipulagningu vinnunar sem gætu valdið starfsmönnum heilsutjóni;
- c. að meta varnarbúnað, bæði þann sem kemur öllum til góða og þann sem hver einstaklingur notar;
- d. að meta, þar sem það á við, að hve miklu leyti starfsmenn skaðast af hættulegum efnum; skal beita við slíkt eftirlit gildum og almennt viðurkenndum aðferðum;
- e. að fylgjast með eftirlitskerfi sem ætlað er að koma í veg fyrir eða draga úr hættu.

(2) Slíkt eftirlit ætti að fara fram að höfðu samráði við þá aðila aðra sem hafa með höndum tæknilega þjónustu í viðkomandi fyrirtæki og í samvinnu við hlutaðeigandi starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra í fyrirtækinu eða öryggis- og heilbrigðisnefnd, þar sem hún er fyrir hendi.

6. (1) Skýrslur um eftirlit á vinnustað skal skrá á viðeigandi hátt, samkvæmt lögum og venjum landsins, og skulu þær látnar í té atvinnurekanda, launafólki og trúnaðarmönnum þess í hlutaðeigandi fyrirtæki eða öryggis- og heilbrigðisnefnd, þar sem hún er fyrir hendi.

(2) Slíkar skýrslur skulu vera trúnaðarmál og einungis notaðar til hliðsjónar við endurbætur á vinnustað og til að stuðla að bættri heilsu og öryggi starfsmanna.

(3) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að hafa aðgang að slíkum skýrslum. Starfsmenn heilsugæslunnar mega aðeins birta þær öðrum aðilum að fengnu samþykki atvinnurekanda og starfsmanna eða trúnaðarmanna þeirra í fyrirtækinu eða öryggis- og heilbrigðisnefndar, þar sem slíkir aðilar eru fyrir hendi.

7. Í eftirliti á vinnustað skal vera fólgið að starfsmenn heilsugæslunnar á vinnustaðnum fari í eftirlitsferðir sem nauðsynlegar kunna að vera til að kanna þá þætti á vinnustað sem gætu haft áhrif á heilsu starfsmanna, heilnæmi umhverfisins á vinnustaðnum og vinnu- aðstæður.

8. Heilsugæsla á vinnustöðum ætti að vera fólgin í:

- a. að fylgjast með því, ef nauðsyn krefur, hvort heilsu starfsmanna er hætta búin af völdum sérstakra áhættuþátta;
- b. að hafa eftirlit með hreinlætisaðstöðu og annarri aðstöðu fyrir verkamenn, svo sem drykkjarvatni, matstofum og íbúðarhúsnæði, þar sem atvinnurekandi leggur slíkt til;

- c. að veita ráðgjöf um hugsanleg áhrif hvers konar tæknibúnaðar á heilsu starfsmanna;
- d. að taka þátt í og gefa ráð um val á búnaði sem nauðsynlegur er til að vernda einstaka starfsmenn fyrir hættum á vinnustað;
- e. að taka þátt í starfsgreiningu og athugun á skipulagi og aðferðum við vinnu í því skyni að aðlaga vinnuna betur að starfsmönnum;
- f. að taka þátt í greiningu á vinnuslysum og atvinnusjúkdómum, svo og í áætlunum um slysavarnir.

9. Starfsmenn heilsugæslu á vinnustað ættu, þegar slíkt hefur verið tilkynnt atvinnu- rekanda, starfsmönnum og trúnaðarmönnum þeirra, þar sem það á við:

- a. að hafa frjálsan aðgang að öllum vinnustöðum og þeim búnaði sem fyrirtækið lætur starfsmönnum í té;
- b. að hafa aðgang að upplýsingum um framleiðsluferli, afkastagetu, framleiðsluvörur, hráefni og önnur efni sem notuð eru eða notuð verða og skal þá gætt fyllsta trúnaðar um leynilegar upplýsingar sem fram kunna að koma, svo fremi þær snerti ekki heilsu starfsmanna;
- c. að hafa aðstöðu til að taka til greiningar sýni af framleiðsluvörum, hráefnum og öðrum efnum sem notuð eru eða meðhöndluð.

10. Hafa skyldi samráð við starfsmenn heilsugæslu á vinnustað um væntanlegar breytingar á vinnuferli eða vinnuáætlunum sem haft gætu áhrif á öryggi og heilsu starfsmanna.

B. Eftirlit með heilsu starfsmanna.

11. (1) Í eftirliti með heilsu starfsmanna ætti að vera fólgid, í þeim tilvikum og við þær aðstæður sem hlutaðeigandi stjórnvald tiltekur, hvers konar mat sem nauðsynlegt er til að vernda heilsu starfsmanna, þ.m.t.:

- a. mat á heilbrigðisástandi verkamanna áður en þeim er skipað til tiltekinna verka sem gætu valdið þeim eða öðrum heilsutjóni;
- b. mat á heilbrigðisástandi með reglulegu millibili á meðan unnið er við störf sem gætu valdið heilsutjóni;
- c. mat á heilbrigðisástandi, þegar menn koma til vinnu aftur eftir langvarandi fjarveru vegna veikinda, í því skyni að ákvarða hugsanlega orsök vinnunnar fyrir vanheilsunni, til þess að unnt sé að benda á leiðir til verndar starfsmönnum og ákvarða hvort tiltekin störf henta tilteknnum starfsmönnum og hvort þörf sé fyrir að fá þeim önnur störf og endurhæfa þá;
- d. mat á heilbrigðisástandi meðan á verki stendur og að því loknu, þegar verkið hefur í fôr með sér hættu sem gæti valdið eða stuðlað að heilsutjóni síðar.

(2) Gera ætti ráðstafanir til að vernda einkalíf starfsmanna og tryggja að heilbrigðiseftirliti sé ekki beitt til að mismuna mönnum eða á nokkurn hátt gegn hagsmunum þeirra.

12. (1) Ef einhver sérstök hættu staðjar að starfsmönnum við störf þeirra, ætti eftirlit með heilsu þeirra, auk mats á heilbrigðisástandi þeirra sem tilgreint er í 11. grein þessarar tillögu, m.a. að vera fólgid í nauðsynlegri skoðun og rannsóknum svo hægt sé að greina hve mikil hættuáhrifin eru og fyrstu líffræðilegu einkenni og viðbrögð, þar sem það á við.

(2) Þegar fyrir hendi er fullgild og almennt viðurkennd líffræðileg aðferð til að fylgjast með heilbrigðisástandi starfsmanna svo að unnt sé að greina á frumstigi hvaða áhrif tilteknir áhættuþættir hafa á heilsu þeirra, þá má beita henni til að finna þá starfsmenn sem þarfnast nánari læknisskoðunar, en hverjum starfsmanni er í sjálfsveld sett hvort hann fer í slíka skoðun.

13. Starfsmenn heilsugæslu á vinnustað ættu að fá upplýsingar um veikindi starfsmanna og veikindaforföll svo að þeir geti gengið úr skugga um hvort nokkurt samband sé á milli veikinda og veikindaforfalla og nokkurra þeirra áhættuþátta á vinnustað sem gætu verið heilsuspillandi. Starfsmönnum heilsugæslu á vinnustað ætti ekki að vera skylt að sannreyna ástæður veikindaforfalla að beiðni atvinnurekanda.

14. (1) Starfsmenn heilsugæslu á vinnustað ættu að skrá upplýsingar um heilbrigðisástand starfsmanna í sérstaka spjaldskrá og skal efni hennar vera trúnaðarmál. Hvern starfsmann skal skrá sérstaklega. Í skránni ætti að koma fram við hvaða störf starfsmennirnir hafa unnið, hvaða áhættuþættir hafa verið í störfum þeirra og hver hafi verið niðurstaða mats á því hvaða áhrif þetta hefur haft á starfsmennina.

(2) Starfsmenn heilsugæslu á vinnustað ættu aðeins að hafa aðgang að heilsufarskrám að því marki sem upplýsingar sem þar er að finna snerta störf þeirra. Ef í skránum er að finna persónulegar upplýsingar, sem falla undir þagnarskyldu lækna, ættu aðeins læknar að hafa aðgang að þeim.

(3) Persónulegar upplýsingar vegna mats á heilbrigðisástandi starfsmanns má því aðeins veita öðrum að samþykki hlutaðeigandi starfsmanns liggja fyrir.

15. Aðstæður til geymslu heilsufarskráa og hve lengi þær skulu geymdar, með hvaða skilyrðum má senda þær á milli staða eða upplýsingar úr þeim, svo og ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að halda þeim leyndum, einkum þegar upplýsingum þessum er komið fyrir í tölvu, ættu að vera samkvæmt ákvæðum laga eða reglugerða í hverju landi eða eftir fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalds eða, eftir venjum landsins, samkvæmt viðurkenndum siðareglum.

16. (1) Að lokinni boðaðri læknisskoðun, sem gerð er í þeim tilgangi að kanna hvort starfsmaður sé hæfur til að takast á hendur starf, sem hefur tiltekna hættu í för með sér, ætti lækningin, sem framkvæmd er læknisskoðunina, að gefa bæði starfsmanninum og atvinnurekandanum skriflegar upplýsingar um niðurstöðu skoðunarinnar.

(2) Í þessum niðurstöðum ættu ekki að vera neinar læknisfræðilegar upplýsingar; þær ættu, eftir því sem við á, að gefa til kynna að viðkomandi starfsmaður sé hæfur til að vinna hið tiltekna starf eða tilgreina hvers konar störf eða starfsaðstæður henta honum ekki af læknisfræðilegum ástæðum, annað hvort um nokkurn tíma eða til frambúðar.

17. Þegar rök mæla með því að starfsmaður haldi ekki áfram í starfi sínu af heilsufarsástæðum, ætti starfsfólk heilsugæslunnar á vinnustaðnum að taka þátt í að finna annað starf handa honum í fyrirtækinu eða leita annarra viðeigandi lausna.

18. Þegar atvinnusjúkdómur hefur verið greindur við eftirlit með heilbrigðisástandi starfsmanna, ætti að tilkynna um hann til hlutaðeigandi stjórnvalds samkvæmt lögum og venjum landsins. Atvinnurekanda, starfsmönnum og trúnaðarmönnum þeirra skal gert viðvart um að slík tilkynning hafi verið send.

C. Upplýsingar, fræðsla, þjálfun og ráðgjöf.

19. Heilsugæsla á vinnustað ætti að taka þátt í að móta og framkvæma áætlanir um upplýsingar, fræðslu og þjálfun varðandi heilbrigði og hreinlæti við vinnu fyrir starfsmenn fyrirtækisins.

20. Heilsugæsla á vinnustað ætti að taka þátt í þjálfun og reglulegri endurþjálfun þeirra starfsmanna sem sinna skyndihjálp, svo og í aukinni og áframhaldandi þjálfun allra starfsmanna í fyrirtækinu sem hafa það hlutverk að stuðla að góðu heilsufari og öryggi við vinnu.

21. Í þeim tilgangi að stuðla að því að vinnan sé aðlöguð starfsmönnum, svo og að bæta vinnuaðstæður og vinnuumhverfið, ætti heilsugæsla á vinnustað að vera ráðgefandi um heilbrigðismál og hreinlæti á vinnustaðnum, svo og vinnuvistfræði, fyrir atvinnurekanda,

starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra í fyrirtækinu og öryggis- og heilbrigðisnefnd, ef hún er fyrir hendi, og skyldi hún auk þess hafa samvinnu við aðra þá aðila sem starfa þegar sem ráðgjafar á þessu sviði.

22. (1) Sérhver starfsmaður ætti að fá viðeigandi og fullnægjandi upplýsingar um það hvaða þættir í vinnu hans gætu verið hættulegir heilsu hans, um niðurstöður rannsókna á heilsufari hans og um mat á heilsu hans.

(2) Sérhver starfsmaður hefur rétt til að láta leiðrétta ranglega skráðar upplýsingar eða upplýsingar sem gætu leitt til rangrar niðurstöðu.

(3) Auk þess skal heilsugæsla á vinnustað veita starfsmönnum persónulegar ráðleggingar varðandi heilsu þeirra í tengslum við starfið.

D. Skyndihjálp, meðferð og heilbrigðisáætlanir.

23. Að teknu tilliti til laga og venju í hlutaðeigandi landi, ætti heilsugæsla í fyrirtækjum að veita skyndihjálp og neyðarmeðferð ef starfsmenn verða fyrir slysi eða veikjast á vinnustað og ætti hún einnig að taka þátt í skipulagningu slíkrar skyndihjálpar.

24. Að teknu tilliti til skipulags forvarna á sviði heilbrigðismála í hlutaðeigandi landi, gæti heilsugæsla á vinnustöðum, þar sem það er mögulegt og viðeigandi:

- a. tekið að sér ónæmisáðgerðir vegna sýkingarhættu á vinnustaðnum;
- b. tekið þátt í aðgerðum til heilsuverndar;
- c. haft samvinnu við heilbrigðisyfirvöld um áætlanir um almenna heilsuvernd.

25. Að teknu tilliti til laga og venju í landinu og að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru fyrir hendi, ættu hlutaðeigandi stjórnvöld að heimila heilsugæslu á vinnustöðum þar sem nauðsynlegt kann að reynast og í samráði við alla sem málið varðar, þ.á m. starfsmanninn og lækni hans eða heilsugæslustöð, þar sem það á við, að framkvæma eða taka þátt í einu eða fleiri eftirfarandi verkefna:

- a. meðferð starfsmanna sem eru enn við störf eða eru komnir aftur til starfa eftir fjarveru;
- b. meðferð þeirra sem hafa orðið fyrir vinnuslysum;
- c. meðferð atvinnusjúkdóma og heilsutjóns sem vinnan hefur magnað;
- d. lækni- og fræðilega þætti endurmenntunar og endurhæfingar í starfi.

26. Að teknu tilliti til laga og venju í landinu varðandi skipulag heilsugæslu svo og fjarlægðar frá heilsugæslustöðvum, gæti heilsugæsla á vinnustöðum sinnt annarri heilbrigðisþjónustu þ. á m. handlækniþjónustu fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, að fenginni heimild hlutaðeigandi stjórnvalds og að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru fyrir hendi.

27. Heilsugæsla á vinnustöðum ætti að hafa samvinnu við þá þjónustuaðila aðra sem málið varðar um gerð neyðaráætlana sem grípa má til ef meiri háttar slys verða.

E. Önnur hlutverk.

28. Heilsugæsla á vinnustöðum ætti að greina niðurstöður eftirlits með heilsufari starfsmanna og vinnuumhverfi, svo og eftirlits með sýkingavörnum og eftirlits með hverjum einstökum starfsmanni vegna hættu á vinnustað, þar sem hún er fyrir hendi, í því skyni að meta hugsanlegt samhengi milli hættu á vinnustað og heilsutjóns, og til þess að geta bent á leiðir til að bæta aðstæður og umhverfi við vinnu.

29. Heilsugæsla á vinnustað ætti að gera áætlanir og skýrslur með hæfilegu millibili um starfsemi sína og um heilsufar í fyrirtækinu. Slíkar áætlanir og skýrslur ættu að vera til reiðu fyrir atvinnurekendur og trúnaðarmenn starfsmanna í fyrirtækinu eða öryggis- og heilbrigðisnefnd, þar sem hún er fyrir hendi, svo og hlutaðeigandi stjórnvöld.

30. (1) Heilsugæsla á vinnustöðum ætti, í samráði við fulltrúa atvinnurekenda og starfsmanna, að leggja sinn skerf til rannsókna, eftir því sem efni leyfa hverju sinni, með því að taka þátt í athugunum eða könnunum innan fyrirtækisins eða í hlutaðeigandi atvinnugrein, til dæmis, í því skyni að safna upplýsingum vegna faraldsfræðilegra rannsókna og kynna hvers eðlis þær eru.

(2) Niðurstöður mælinga, sem fram hafa farið á vinnustaðnum, og mat á heilsufari starfsmanna má nota í rannsóknarskyni, sbr. þó ákvæði greina 6(3), 11(2) og 14(3) í þessari tillögu.

31. Heilsugæsla á vinnustöðum ætti að taka höndum saman við aðra þjónustuaðila í fyrirtækinu, eftir því sem við á, um að gera þær ráðstafanir sem þarf til að koma í veg fyrir að starfsemi þess hafi óheppileg áhrif á umhverfið almennt.

III. SKIPULAGNING.

32. Heilsugæsla á vinnustöðum ætti, ef því verður við komið, að vera á sjálfum vinnustaðnum eða nærri honum, eða vera skipulögð með þeim hætti að tryggt sé að starfsemi hennar fari fram á vinnustaðnum.

33. (1) Atvinnurekandi, starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra, þar sem þeir eru fyrir hendi, ættu að hafa samvinnu um og taka þátt í framkvæmdum skipulagningar og annarra þátta heilsugæslu á vinnustað á jafnréttisgrundvelli.

(2) Í samræmi við aðstæður og venju í landinu skulu atvinnurekendur og starfsmenn eða trúnaðarmenn þeirra í fyrirtækinu eða öryggis- og heilbrigðisnefnd, þar sem hún er fyrir hendi, taka þátt í því að ákveða skipulagningu og rekstur þessarar þjónustu, m.a. hvað varðar ráðningu starfsfólks og gerð starfsáætlana.

34. (1) Heilsugæslu á vinnustöðum má skipuleggja sem þjónustu innan eins fyrirtækis eða sem sameiginlega þjónustu fyrir mörg fyrirtæki, eftir því sem henta þykir.

(2) Eftirtaldir aðilar geta skipulagt heilsugæsluna og fer það eftir aðstæðum og venjum í hverju landi:

- a. hlutaðeigandi fyrirtæki eða hópur fyrirtækja;
- b. stjórnvöld eða opinberar þjónustustofnanir;
- c. almannatryggingastofnanir;
- d. hver sá annar aðili sem til þess hefur hlotið heimild hlutaðeigandi stjórnvalds;
- e. einhverjir hinna ofangreindu aðila í samvinnu.

(3) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti, ef heilsugæsla á vinnustað er ekki fyrir hendi, að athuga hvort unnt er, til bráðabirgða, að veita viðeigandi þjónustustofnunum, sem eru þegar fyrir hendi, heimild til að veita slíka þjónustu, sbr. tölulið (2)d, í þessari grein.

35. Hafi stjórnvöld, að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru fyrir hendi, komist að þeirri niðurstöðu að því verði ekki við komið að stofna til heilsugæslu á vinnustað, eða fá aðgang að slíkri þjónustustofnun, ætti hlutaðeigandi fyrirtæki, að höfðu samráði við trúnaðarmenn starfsmanna í fyrirtækinu eða öryggis- og heilbrigðisnefnd, ef hún er fyrir hendi, að semja við þá sem sjá um læknisþjónustu í næsta nágrenni, til bráðabirgða, að taka að sér heilbrigðiseftirlit það sem lög eða reglugerðir mæla fyrir um, hafa eftirlit með því hvort vinnuaðstæður í fyrirtækinu séu heilsusamlegar og tryggja að skipulagning skyndihjálpar og neyðarmeðferðar sé með eðlilegum hætti.

IV. REKSTRARSKILYRÐI.

36. (1) Í samræmi við lög og venju í landinu ætti heilsugæsla á vinnustöðum að hafa innan sinna vébanda hópa fjölhæfs starfsfólks og skal samsetning hvers hóps ráðast af eðli þeirra skyldustarfa sem framkvæma á.

(2) Heilsugæsla á vinnustað ætti að hafa í þjónustu sinni nægilega marga tæknimenntaða starfsmenn með sérþjálfun og reynslu m.a. á sviði atvinnusjúkdóma, hreinlætis á vinnustöðum, vinnuvistfræði, heilsugæsluhjúkrunar á vinnustöðum og annarra skyldra greina. Slíkir starfsmenn ættu af fremsta megni að viðhalda þekkingu sinni og fylgjast með þróun á sviði vísinda og tækni sem þeim er nauðsynleg til þess að sinna skyldum sínum og ættu þeir að fá tækifæri til þess án þess að verða fyrir tekjumissi.

(3) Þar að auki ætti heilsugæsla á vinnustað að hafa á að skipa nauðsynlegum starfsmönnum við stjórnun.

37. (1) Vernda skyldi faglegt sjálfstæði starfsmanna við heilsugæslu á vinnustöðum. Í samræmi við lög og venju í landinu mætti gera þetta með lögum eða reglugerðum og í samráði við atvinnurekanda og starfsmenn og fulltrúa þeirra og öryggis- og heilbrigðisnefndir, þar sem þær eru fyrir hendi;

(2) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti, þar sem það á við og í samræmi við lög og venjur landsins, að tilgreina með hvaða skilyrðum skal ráða og segja upp starfsmönnum við heilsugæslu á vinnustöðum, að höfðu samráði við hlutaðeigandi heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks.

38. Sérhverjum starfsmanni heilsugæslu á vinnustað ætti að vera skylt að gæta þagnarskyldu í starfi sínu, bæði hvað varðar læknisfræðilegar og tæknilegar upplýsingar, sem hann kann að fá í starfi sínu og annarri starfsemi heilsugæslunnar, að undanskildum þeim tilvikum sem kveðið er á um í lögum eða reglugerðum landsins.

39. (1) Hlutaðeigandi stjórnvöld geta ákveðið staðla fyrir það húsnæði og tæki sem heilsugæslu á vinnustað er skylt að hafa til starfsemi sinnar.

(2) Heilsugæsla á vinnustað ætti að hafa aðstöðu til að framkvæma þær greiningar og prófanir sem nauðsynlegar eru til þess að hafa eftirlit með heilsufari starfsmanna og vinnuáðstæðum.

40. (1) Heilsugæsla á vinnustað skyldi hafa samvinnu við eftirtalda aðila, og er þá miðað við að við hana starfi fjölmenntað fólk:

- a. þær þjónustudeildir sem sjá um að tryggja öryggi verkamanna í fyrirtækinu;
- b. hinar ýmsu framleiðslueiningar eða deildir, í því skyni að veita þeim aðstoð við að móta og framkvæma viðeigandi áætlanir til forvarna;
- c. starfsmannastjórn og aðrar hlutaðeigandi deildir;
- d. trúnaðarmenn starfsmanna í fyrirtækinu, öryggisfulltrúa starfsmanna og öryggis- og heilbrigðisnefnd, þar sem slíkir aðilar eru fyrir hendi.

(2) Heilsugæslu og öryggisgæslu mætti sameina á vinnustað, þar sem það þykir henta.

41. Heilsugæsla á vinnustað ætti einnig, þar sem nauðsyn krefur, að hafa samband við þjónustuaðila og stofnanir utan fyrirtækisins, sem hafa afskipti af heilsufari, hreinlæti, öryggi, endurhæfingu til starfa, endurþjálfun og endurráðningu, vinnuáðstæðum og velferð starfsmanna, svo og eftirlitsaðila og þann opinbera aðila sem hefur verið falið að taka þátt í hinu alþjóðlega viðvörunarkerfi varðandi vinnuöryggi og heilbrigði á vinnustöðum, sem stofnað var innan vébanda Alþjóðavinnuáráðsstofnunarinnar.

42. Stjórnanda heilsugæslu á vinnustað ætti að vera kleift, samkvæmt ákvæðum 38. greinar, að hafa samráð við hlutaðeigandi stjórnvald, eftir að hafa gert atvinnurekanda og trúnaðarmönnum starfsmanna í fyrirtækinu eða öryggis- og heilbrigðisnefnd, þar sem slíkir

aðilar eru fyrir hendi, viðvart um framkvæmdir varðandi vinnuöryggi og heilbrigðisstaðla í fyrirtækinu.

43. Heilsugæsla í fyrirtæki, sem starfar á fleiri en einum stað innanlands eða í mörgum löndum, ætti að veita bestu þjónustu í þessum efnum sem á verður kosið, án manngreinarálits, til handa starfsmönnum á öllum vinnustöðum fyrirtækisins, á hvaða stað eða í hvaða landi sem þau eru.

V. ALMENN ÁKVÆÐI.

44. (1) Atvinnurekendur ættu að gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að auðvelda störf við heilsugæslu á vinnustað, að svo miklu leyti sem þeir bera ábyrgð á heilsu og öryggi starfsmanna sinna.

(2) Starfsmenn og samtök þeirra ættu að veita heilsugæslu á vinnustað stuðning við starfsemi hennar.

45. Starfsmenn ættu ekki að þurfa að greiða fyrir neins konar þjónustu sem veitt er í sambandi við heilsugæslu á vinnustað.

46. Í þeim tilvikum þar sem heilsugæslu á vinnustað er komið á fót og hlutverk hennar er skilgreint í lögum eða reglugerðum landsins, ætti einnig að ákveða hver fjármagnar þessa þjónustu.

47. Í þessari tillögu merkir hugtakið „trúnaðarmenn starfsmanna í fyrirtækinu“ þá menn sem hlotið hafa viðurkenningu sem slíkir samkvæmt lögum eða venjum landsins.

48. Þessi tillaga, sem er viðauki við samþykkt um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1985, leysir af hólmi tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1959.

Fylgiskjal V.

Skýrsla nefndar sem fjallar um málefni Alþjóðavinnuáráðsnefndarinnar.

Þann 12. mars 1981 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um að veita ríkisstjórninni heimild til að staðfesta alþjóðasamþykkt nr. 144 varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Á grundvelli þessarar alþjóðasamþykktar var komið á fót samstarfsnefnd sem fjallar um málefni sem varða starfsemi Alþjóðavinnuáráðsnefndarinnar og aðild Íslands að henni. ILO-nefndin var skipuð 16. apríl 1982 og áttu sæti í henni: Kristín Mäntylä, skrifstofustjóri, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands og Þórarinn V. Þórarinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands. Félagsmálaráðherra skipaði Jón S. Ólafsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, formann nefndarinnar.

Samkvæmt ósk aðila vinnumarkaðarins voru gerðar í febrúar 1985 eftirtaldar breytingar á nefndinni:

Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur tók sæti Kristínar Mäntylä. Kristján Þorbergsson lögfræðingur var skipaður í nefndina í stað Þórarins V. Þórarinssonar.

Þá var Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, skipaður formaður nefndarinnar í stað Jóns S. Ólafssonar, sem lést á árinu 1984.

ILO-nefndin hélt 14 fundi á árinu 1985. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum nefndarinnar.

a) Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktta á sviði vinnumála.

Samkvæmt stofnskrá ILO er aðildarríkjunum skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktta á sviði vinnumála. Aðildarríkin skulu reglulega taka saman skýrslur um framkvæmd þeirra samþykktta sem þau hafa staðfest. Stjórnarnefndin getur einnig falið Alþjóðavinnuáskrifstofunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd óstaðfesta samþykktta og tillagna sem Alþjóðavinnuáskrifstofunni hefur afgreitt. Á árinu 1985 hefur ILO-nefndin undirbúið skýrslur íslensku ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykktta og tillögu:

- Nr. 2 um atvinnuleysi,
- nr. 11 um nauðungarvinnu eða skylduvinnu,
- nr. 29 um lágmarksaldur barna við sjómennsku,
- nr. 58 um félagafrelsi landbúnaðarverkamanna,
- nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess,
- nr. 91 um orlof með launum fyrir farmenn,
- nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega,
- nr. 100 um jöfn laun kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf,
- nr. 101 um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs,
- nr. 105 um afnám nauðungarvinnu,
- nr. 108 um persónuskírteini sjómanna og
- nr. 144 varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

Auk þess hefur nefndin undirbúið skýrslu um framkvæmd tillögu nr. 90 um jöfn laun kvenna og karla fyrir jafn verðmæt störf.

b) Skýrslur um Alþjóðavinnuáskrifstofunni 1983 og 1984.

Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skulu samþykktir Alþjóðavinnuáskrifstofunnar kynntar löggjafarsamkomu aðildarríkjanna. Á Íslandi hefur þetta ákvæði ákvæði verið uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðuneytið hefur tekið saman skýrslur um Alþjóðavinnuáskrifstofunni. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir og tillögur sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1985 bjó ILO-nefndin til prentunar skýrslur um Alþjóðavinnuáskrifstofunni 1983 og 1984. Á þinginu 1983 voru afgreiddar eftirfarandi samþykktir og tillögur sem birtar eru í skýrslu um 69. þingið:

- Samþykkt nr. 159 um starfsendurhæfingu og atvinnuáskrifstofunnar fatlaðra.
- Tillaga nr. 167 um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum.
- Tillaga nr. 168 um starfsendurhæfingu og atvinnuáskrifstofunnar fatlaðra.
- Í skýrslu um 70. Alþjóðavinnuáskrifstofunni 1984 er birt tillaga nr. 169 um atvinnustefnu.

c) Önnur erindi.

Félagsmálaráðuneytinu berast á ári hverju fjölmörg erindi frá Alþjóðavinnuáskrifstofunni og eru þau lögð fram á fundum ILO nefndarinnar. Meðal þeirra erinda sem nefndin afgreiddi til ráðherra var tillaga um svar íslensku ríkisstjórnarinnar um aðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnu Suður-Afríku. Meginefni svarsins var samþykkt sem utanríkisráðherrar Norðurlanda gerðu á fundi sínum í október 1985 um sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni.

Nefndin gerði einnig tillögu til félagsmálaráðherra um svar við fyrirspurn ILO um tillögur til breytinga á drögum að alþjóðasamþykkt um varúðarráðstafanir við notkun asbests, sem verður á dagskrá Alþjóðavinnuáráðsins 1986. Svarið styðst við umsögn Vinnueftirlits ríkisins um fyrirbyggjandi drög að alþjóðasáttmála.

d) Undirbúningur fyrir 71. Alþjóðavinnuáráðingið 1985.

Hér að framan kom fram að nýir aðilar tóku sæti í ILO-nefndinni í lok febrúar 1985. Þrátt fyrir skamman tíma til undirbúnings fyrir 71. Alþjóðavinnuáráðingið fór nefndin yfir helstu þingskjöl sem send voru út fyrir þingsetninguna 7. júní. Má þar nefna skýrslu forstjóra og drög að fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir Alþjóðavinnuáráðstofnunina árin 1986—87.